

AUSTURBRÚ

bekking - þróun - þjónusta

Ársskýrsla 2013



Austurbrú - Ársskýrsla 2013
Gefin út í maí 2014

Ritstjórn: Björg Björnsdóttir
Umbrot: Esther Ösp Gunnarsdóttir
Prentun: Héraðsprent

Myndir: Markaðssvið Austurbrúar auglýsti síðastliðið haust eftir ljósmyndum af Austurlandi sem nota mætti til markaðssetningar fyrir landshlutann og fyrir póstkort. Alls skiluðu 22 ljósmyndarar inn 188 myndum en 27 myndir eftir 13 ljósmyndara urðu fyrir valinu. Hluti þeirra mynda prýða ársskýrsluna í ár. Nöfn ljósmyndara: Agnieszka Sosnowska, Arna Silja, Arnar Már Árnason, Barbara Gancarek-Śliwińska, Borghildur Hlíf Stefánsdóttir, Halldóra Tómasdóttir, Jón Tryggvason, Kristján H. Svavarsson, Ómar Bogason, Páll G. Ásgeirsson, Sigrún Júnía Magnúsdóttir, Steingrímur Karlsson og Urður Snædal.

Austurbrú | Vonarlandi, 700 Egilsstaðir | 470-3800 | austurbru.is | austurbru@austurbru.is





Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Inngangur	4
Markmið Austurbrúar	4
Starfslið, stjórn og fagráð	5
Starfssvæði	7
Fjármál og stoðþjónusta	7
Háskóla- og rannsóknasvið	8
Símenntunarsvið	14
Markaðssvið	22
Menningarsvið	32
Nýsköpunar- og þróunarsvið	42
Starfsemi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi	50

Ávarp stjórnarformanns

Um þessar mundir eru að verða liðin tvö ár síðan stofnfundur Austurbrúar ses. var haldinn, í maí 2012, eftir langan undirbúning. Stofnunin fór í gegnum sitt fyrsta heila starfsár árið 2013 og flest hefur gengið eftir eins og til var ætlast, þó innleiðing flókinna breytinga hafi tekið lengri tíma en margir höfðu haft væntingar um, enda gríðarlega miklar og jákvæðar væntingar bundnar við hina nýju stoðstofnun Austurlands. Það er því eðlilegt að staldra við og taka stöðuna á þróun mála.

Hugmyndafræðin að baki stofnunar Austurbrúar er enn í fullu gildi, það er að auka faglega samvinnu og samstarf stoðstofnana á Austurlandi og vera betur undir það búin að takast á við aukin og stærri verkefni en áður var, í mörgum, misstórum einingum. Þetta sannaði sig meðal annars þegar alþjóðlega ráðstefnan „Make it happen“ var haldin haustið 2012 og með atvinnuáráðstefnunni „Auðlindin Austurland“ haustið 2013.

Þá hafa svið símenntunar og háskóla og rannsókna aukið slagkraft sinn og menningin blómstrar sem aldrei fyrr, þrátt fyrir niðurskurð í framlögum ríkisins. Sérstök áhersla hefur verið lögð á öflugri og skipulagðari markaðssetningu Austurlands þar sem markaðssetning Egilstaðaflugvallar er eitt af mörgum tækifærum landshlutans til vaxtar og þróunar sem önnur gátt til og frá Íslandi með flugi.


Nýsköpunar- og þróunarsvið hefur í samvinnu við grasrótina og aðra farið í gegnum endurmat og stefnumótum skapandi greina, og staðfest að skapandi greinar eru ein af stoðum atvinnusköpunar. Í gegnum Samband sveitarfélaga á Austurlandi, SSA, komu til úrvinnslu 7 sóknaráætlunarverkefni fyrir Austurland, og er verið að vinna þau innan nokkurra sviða Austurbrúar á ýmsan máta.

Tækifærin á Austurlandi eru mörg og margvísleg og það er okkar að grípa þau og vinna með þau af fagmennsku og framsýni, þannig að við séum með samræmdum hætti að vinna Austurlandi allt.

Á næstu misserum mun stofnunin ganga í gegnum ákveðið endurmat á störfum sínum og starfsháttum, sem leitt verður af starfsháttanefnd Austurbrúar, í nánú samstarfi við stjórn og alla starfsmenn. Á hausti komandi mun þetta endurmat liggja fyrir og þá verða gerðar tillögur að þeim breytingum sem fyrstu tvö árin í því mikla brautryðjendastafi sem sett var af stað með stofnun Austurbrúar hafa leitt í ljós að eru nauðsynlegar.

Við skulum því líta björtum augum á framtíðina, taka mið af reynslunni og halda ótrauð áfram veginn.

Valdimar O. Hermannsson



Inngangur

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 8. maí 2012 á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Stofnunin er með dreifsettar starfsstöðvar á Austurlandi og yfir 20 starfsmenn. Meginmarkmiðið með henni er að vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu á þjónustu, nýta sameinað afl til að sækja fram, kalla eftir nýjum verkefnum, bæði innlendum og erlendum, og vinna metnaðarfullt starf, íbúum Austurlands til hagsbóta. Hún er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Yfir 30 stofnaðilar eru að Austurbrú, þar á meðal eru öll sveitarfélögin á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélag og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi. Þeir lögaðilar sem hafa starfsstöð eða lögheimili á Austurlandi og gera þjónustu- eða samstarfssamninga við Austurbrú verða hagsmunaaðilar. Fulltrúaráð Austurbrúar er skipað fulltrúum stofnaðila og skráðra hagsmunaaðila.

Austurbrú er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Íslandi og frumkvöðull þegar kemur að samþættingu í þjónustu af þessu tagi.

Markmið Austurbrúar

Austurbrú vinnur að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin er í forsvari fyrir þróun samfélags, atvinnulífs, háskólanáms, símenntunar, rannsókna og menningarstarfs á Austurlandi.

Starfslið, stjórn og fagráð

Í árslok 2013 voru starfsmenn alls 26. Þetta eru:

Anna Alexandersdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Anna Dóra Helgadóttir, fulltrúi fjármála á Egilsstöðum
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, fulltrúi nýsköpunar og þróunar á Reyðarfirði
Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, fulltrúi símenntunar á Egilsstöðum
Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnastjóri á Seyðisfirði
Else Möller, verkefnastjóri á Vopnafirði
Guðrún Áslaug Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna á Norðfirði
Hrund Snorradóttir, verkefnastjóri á Vopnafirði
Ingunn Bylgja Einarsdóttir, rættitæknir á Egilsstöðum
Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Jón Pálsson, fulltrúi markaðsmála á Egilsstöðum
Jónína Brynjólfsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Karl Sölvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri á Egilsstöðum
Katrín María Magnúsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum – í leyfi
Kjartan Glúmur Kjartansson, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Lára Vilbergsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Lilja Guðný Jóhannesdóttir, verkefnastjóri á Norðfirði
María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Ólafur Áki Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjórnarmála á Djúpavogi
Ragna Hreinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi á Reyðarfirði
Signý Ormarsdóttir, fulltrúi menningarmála á Egilsstöðum
Sigríður Elísa Jónsdóttir, starfsmaður á skrifstofu á Egilsstöðum
Sigrún Víglundsdóttir, verkefnastjóri á Norðfirði
Steinunn Sigurðardóttir, móttökuritari á Egilsstöðum
Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir, verkefnastjóri háskólanáms á Egilsstöðum

Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, Þórunn Egilssdóttir, Nína Sybil Birgisdóttir og Árdís Erna Halldórsdóttir sem allar störfuðu á símenntunarsviði og á sviði háskóla og rannsókna létu af störfum á árinu. Nína Sybil og Árdís Erna störfuðu á Hornafirði en Austurbrú hætti þjónustu þar í árslok 2013. Nýir starfsmenn á sviðunum eru Anna Alexandersdóttir, Lilja Guðný Jóhannesdóttir, Else Möller og Ása Sigurðardóttir en hún starfaði á Vopnafirði stuttan tíma haustið 2013. Þá hélt Klas Hjære Poulsen, starfsmaður á menningar-sviði til framhaldsnáms en í hans stað kom Elfa Hlín Pétursdóttir. Árný Björg Bergsdóttir lét af störfum sem fulltrúi markaðs- og ferðamála 1. ágúst og við starfi hennar tók Jón Pálsson. Þá hætti Sólveig Edda Bjarnadóttir hjá Austurbrú í ágúst en hún var starfsmaður Upplýsingamiðstöðvar. Jónína Brynjólfsdóttir heldur nú utan um starfsemi Upplýsingamiðstöðvarinnar auk þess að sinna margvíslegum verkefnum á sviði markaðsmála. Katrín Ásgeirsdóttir, starfsmaður á sviði fjármála og stoðþjónustu, lét af störfum sl. sumar en í hennar stað var ráðin Steinunn Sigurðardóttir. Anna Dóra Helgadóttir tók við starfi fulltrúa á sviði fjármála og stoðþjónustu í september. María Hjálmarsdóttir var ráðin sem verkefnastjóri um eflingu Egilsstaðaflugvallar á liðnu hausti og heyrir bæði undir svið nýsköpunar- og þróunar og markaðsmála. Björg Björnsdóttir var ráðin sem verkefnastjóri á sviði nýsköpunar- og þróunar í október.

Starfssvæði

Austurbrú starfar á öllum fagsviðum sínum á svæðinu frá Vopnafirði suður um Djúpavog. Sérstökum samningi við Hornafjörð um að Austurbrú annist starfsemi á fræðslusviði í sveitarfélaginu lauk í árslok 2013 en fram að því spannaði starfssvæði Austurbrúar varðandi framhaldsfræðslu, háskólaþjónustu og rannsóknir svæðið frá Skeiðará í suðri norður um Vopnafjörð.

Mannfjöldi á starfssvæði Austurbrúar er ríflega 10.200. Svæðið er landfræðilega mjög stórt, dreifbýlt og samgöngur erfiðar.

Starfsstöðvar Austurbrúar eru á sex stöðum; Djúpavogi, Egilsstöðum, Neskaupstað, Reyðarfirði, Seyðisfirði og Vopnafirði. Starfsaðstaðan á Egilsstöðum var tvískipt árið 2013, annars vegar á Vönarlandi og hins vegar í Miðvangi. Fræðslusviðin hafa auk þess samstarf við sveitarfélög um aðgengi að húsnæði með fjarfundabúnaði vegna náms og kennslu á þeim stöðum þar sem Austurbrú hefur ekki starfsstöð.

Fjármál og stoðþjónusta

Fjármála- og stoðþjónustusvið veitir almenna þjónustu við starfsmenn og hagsmunaaðila Austurbrúar í bókhaldi og öðrum rekstrarþáttum. Sviðið var stofnað í október 2013 og tók yfir allt bókhald og launavinnslu stofnunarinnar sem áður var unnið af Skrifstofuþjónustu Austurlands. Um áramótin 2013 tók sviðið einnig yfir bókhald og launavinnslu fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi.

Þá sér sviðið um bókhald og umsýslu fyrir: Atvinnuþróunarsjóð Austurlands, Vaxtarsamning Austurlands og greiðslu styrkja og umsýslu menningarstyrkja. Við stofnun sviðsins var rafrænt samþykktarkerfi tekið í notun en það auðveldar aðgengi að bókhaldsgögnum í fyrirtæki sem er dreifsett. Símsvörun, móttaka, ræsting, húsnæðismál og önnur stoðþjónusta eru einnig verkefni sviðsins. Á sviðinu starfa fjármálastjóri í 100% starfi, tveir móttökuritarar í 1,4 stöðugildi og ræstingarnir.

Fjárhagsáætlun Austurbrúar 2013 var samþykkt af stjórn í febrúar – mars 2013. Gert var ráð fyrir 4,5 m.kr. halla fyrir utan afskriftir og fjármagnsliði.

Fyrstu drög af ársreikningi lágu fyrir 11. apríl 2014. Endurskoðun var framkvæmd af KPMG og reikningurinn var lagður fyrir stjórn Austurbrúar 22. apríl 2014.

Nánari upplýsingar um fjármál og rekstur Austurbrúar 2013 má finna í ársreikningi stofnunarinnar.



Háskóla- og rannsóknasvið



Háskóla- og rannsóknasvið

Háskóla- og rannsóknasvið er annað af fræðsluviðum Austurbrúar auk símenntunarsviðs. Meginmarkmið háskóla- og rannsóknasviðs er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólanáms og rannsókna á Austurlandi og vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á því sviði. Starfsmenn háskólasviðs stuðla að tengingu á milli háskóla á Íslandi og nemenda þeirra sem annað hvort stunda fjarnám frá þeim eða þurfa einhvers konar þjónustu í heimabyggð varðandi háskólanám sitt. Einnig er markmið að stuðla að kynningu á rannsóknastarfi, aðstoða við uppbyggingu á aðstöðu til rannsókna og stuðla að samvinnu fræðimanna á svæðinu og auknu rannsóknastarfi.

Fjöldi háskólanema

Fjöldi háskólanema og prófa hjá Austurbrú

	2011 (vor)	2011 (haust)	2012 (vor)	2012 (haust)	2013 (vor)	2013 (haust)
Fjöldi nemenda	231	212	239	217	155	186
Fjöldi prófa	393	414	430	426	411	475

Samkvæmt skráningum frá háskólunum yfir þá nemendur sem sækja þjónustu til Austurbrúar voru þeir færri árið 2013 en árin á undan. Rétt er að benda á að það er erfitt að fá áreiðanlegar tölur um hversu margir háskólanemar stunda nám í heimabyggð, þ.e. í fjarnámi, lotunámi eða með ýmis konar lausnum sem í boði eru hjá háskólunum. Nemar í masters- og doktorsnámi eru heldur ekki alltaf skráðir og einnig eru nemar sem stunda nám, sem ekki er formlega skilgreint sem fjarnám, ekki á þessum skrá þótt þeir vinni að sínu námi í heimabyggð.

Skráningar á fjarnemum hafa á undanförunum árum verið nokkuð ónákvæmar og á skrá hafa líklega verið nemendur sem ekki voru raunverulega virkir fjarnemar. Nú hafa skráningar verið yfirfarnar mun betur en áður. Það er þó ekki víst að tölur um fjölda fjarnema gefi rétta mynd. Fjöldi prófa bendir a.m.k. ekki til þess að nemendum hafi fækkað og auk þess hefur fjöldi heimaprófa aukist þannig að væntanlega hefur próftökum á svæðinu fjölgað. Á vorönn 2013 voru 155 fjarnemendur frá háskólum skráðir á Austurlandi en 186 á haustönninni.

Vorið 2013 þreyttu 164 nemendur 411 próf en 186 nemendur þreyttu 475 próf á starfsstöðvum Austurbrúar á haustönn. Af þessum eru nokkrir tugir á hverri önn menntaskólanemar, einkum í byggðarlögum sem eru fjarri menntaskólum. Milli 60 og 70% nemenda eru konur.

Fjöldi einstaklinga sem tóku próf hjá Austurbrú

	2013 (vor)	2013 (haust)
Konur	101 (62%)	128 (68%)
Karlar	63 (38%)	58 (32%)
Alls	164	186

Fjöldi þeirra sem tekur próf gefur heldur ekki endanlega mynd af fjölda fjarnema því heimapróf og verkefnaskil koma í stað prófa í vaxandi mæli. Á hinn bóginn hendir einnig að staðnemar í háskólunum taka próf í heimabyggð, sérstaklega seint á vorin og þegar komið er nálægt jólum.

Ef marka má fjölda prófa, sækja flestir nemendur þjónustu til starfsstöðvarinnar á Egilsstöðum en Reyðarfjörður kemur þar næst, síðan Neskaupstaður og Höfn.

Fjöldi prófa eftir starfsstöðvum

	2013 (vor)	2013 (haust)
Egilsstaðir	221	200
Reyðarfjörður	140	159
Neskaupstaður	28	53
Höfn	14	40
Vopnafjörður	7	17
Djúpivogur	1	6
Alls	411	475

Þjónusta við háskólanema

Á hverju ári er framboð háskólanna á fjarnámi kynnt fyrir íbúum Austurlands og þeim boðið að leita ráðgjafar um möguleika til náms hjá náms- og starfsráðgjafa eða öðrum starfsmönnum Austurbrúar. Fjarneminn er upplýsingaritt fyrir fjarnema á Austurlandi og var því dreift inn á öll heimili með Námsvísi á haustönn.

Þjónusta við fjarnema hefur þróast og árið 2013 var boðin margvísleg þjónusta, bæði í formi einstaklingsráðgjafar og stuttra námskeiða. Á árinu voru haldin eftirtalin námskeið: Leit í rafrænum gagnasöfnum, notkun hugarkorta,

OneNote, ritgerðarvinna, heimildavinna í Word og námstækni og vinnubrögð. Námskeiðin voru haldin á Egilsstöðum, Reyðarfirði og Hornafirði. Að meðaltali sóttu 7-9 nemendur hvert námskeið. Margir fengu einnig einstaklingsráðgjöf eða tveir til þrjár saman um þessi efni eða annað sem tengdist námi þeirra. Prófhald er töluvert viðamikill þáttur í þjónustu við nemendur og ærinn tími starfsmanna Austurbrúar fer í umsýslu með prófum. Próftök dreifast á langt tímabil þótt megintörnin spanni tvær vikur í lok hvorrar annar.

Í nokkrum námskeiðum frá háskólunum er kennt reglulega í gegnum fjarfundabúnað og í öðrum er slíkur búnaður nýttur fyrir fundi og verkefnaskil. Nemendur sækja slíka kennslu og fundi í starfsstöðvum Austurbrúar. Nokkrir tugir nýta sér einnig lesaðstöðu í starfsstöðvum Austurbrúar, ýmist að staðaldri eða tilfallandi til dæmis í aðdraganda prófa. Þar hafa nemendur aðgang að nettengingu, prentara og ljósritunarvél.

Sérstök verkefni

Námsmöguleikar í iðn- og tækninámi

Vorið 2011 fengu þekkingarnet Austurlands, Háskólinn í Reykjavík og Verkmenntaskóli Austurlands styrk til þriggja ára úr samfélagssjóði Alcoa til að „efla þekkingarsamfélag í Fjarðabyggð“. Hlutverk Austurbrúar í verkefninu hefur einkum verið að kynna aukna þjónustu við nemendur í frumgreinanámi við Opna Háskólann í Reykjavík. Nemendur í frumgreinanám frá HR voru 5 á vorönn og 6 á haustönn 2013. Þeim stóð til boða að sækja staðarloturnar í fjarfundum, taka próf í námsverum Austurbrúar (bæði hluta- og lokapróf), þeir fengu stuðningskennslu í námsverum Austurbrúar eða hjá sérhæfðum kennurum sem Austurbrú útvegaði og verklegar æfingar fóru fram á Austurlandi undir leiðsögn kennara af svæðinu. Verkefninu lauk á haustönn 2013 en nemendur geta áfram sótt sambærilega þjónustu og aðrir háskólanemar.

Þjónusta við hjúkrunarfræðinema

Eftir að Austurbrú hafði, að tillögu Háskólans á Akureyri, gert könnun á áhuga á hjúkrunarfræðinámum í fjarnámi bauð HA upp á slíkt nám á Austurlandi. Skólinn leggur mikið upp úr því að nemendahópar séu á þeim stöðum sem fjarkennt er til. Jafnfram var ákveðið að stefna að því að bjóða nýjum hópum hjúkrunarfræðinema að hefja nám á Austurlandi fjórða hvert ár. Í tilefni af því að hópur af nemendum var að innritast í hjúkrunarfræðinám á Austurlandi vorið 2013, heimsóttu starfsmenn háskóla- og rannsóknasvið Austurbrúar hjúkrunarfræðideild HA til að ræða hvernig best væri hægt að þjónusta þá nemendur sem hófu nám 2013. Heimsóknin var gagnleg og bætti mjög upplýsingaflæði og gagnkvæman skilning aðila á viðfangsefninu.

Rannsóknabókasafn Austurlands

Rannsóknabókasafn Austurlands er skráð undir nafni Þekkingarnets Austurlands í Gegni. Bókasafnið er sameiginlegt bókasafn sjö sérfræðistofnana á Austurlandi. Bækur safnsins eru ekki til almennra útlána en namar og sérfræðingar geta fengið þær lánaðar hjá viðkomandi stofnun.

Vísindavaka

Frá því 2009 hefur Austurbrú (áður Þekkingarnet Austurlands) verið ein fárra stofnana á landsbyggðinni sem tekið hefur þátt í Vísindavöku í Reykjavík. Markmið Austurbrúar er að fá til liðs við sig vísindafólk á Austurlandi og gefa því kost á að kynna rannsóknir og rannsóknahugmyndir sínar. Sjálfbærni- og verkunarkerfið á Austurlandi var kynnt á Vísindavöku 2013.

Styrkjarmöguleikar

Austurbrú hefur milligöngu um kynningar og námskeið í tengslum við gerð umsókna. Einnig hefur menningarsviðið tekið saman yfirlit um styrkjarmöguleika af ýmsu tagi sem gætu nýst bæði viðskiptavinum og samstarfsaðilum Austurbrúar sem og stofnuninni sjálfri til að styrkja verkefni á verksviði hennar.

Þekkingarsetur

Austurbrú tengist þekkingarsetrum á svæðinu á margvíslegan hátt og leitast við að vinna að því að þekkingarsetur á svæðinu eflist og stuðla að eflingu á þekkingarstörfum og rannsóknnum á Austurlandi. Flestar starfsstöðvar Austurbrúar eru staðsettar í sambýli við þekkingar- og þjónustumiðstöðvar í viðkomandi byggðarlagi.

Fjölgun námstækifæra í skapandi greinum

Hafin var vinna við verkefni um fjölgun námstækifæra í skapandi greinum á Austurlandi. Verkefnið er unnið fyrir styrk úr sóknaráætlun Austurlands. Unnið er með skólum á menntaskólastigi á Austurlandi og Lungaskólanum að útfærslu og framkvæmd verkefnisins. Verkefnið heldur áfram og er þess vænst að því ljúki haustið 2014.

Rannsókn- og vöktunarverkefni sem tengjast fræðsluviðum

Hindranir í námi

Austurbrú fékk árið 2012 ríflega 2 milljóna króna styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að greina námsþarfir og helstu hindranir í námi hjá hópi verkafólks á Austurlandi. Könnun var gerð meðal verkafólks í nokkrum fyrirtækjum á Austurlandi, í þeim tilgangi að kanna mögulegar ástæður þess að fólk, aðallega karlmenn, með litla formlega menntun skila sér lítið í símenntunarleiðir eða á námskeið sem haldin eru. Markmiðið var m.a. að kanna hvernig þjóna mætti betur þörfum þessa hóps, s.s. með styttri námsleiðum, námsráðgjöf eða öðru sem gæti hugsanlega verið áhugavetjandi. Auk þess var markmiðið að kanna hvort til staðar væri raunverulegur áhugi fyrir einhvers konar námi. Könnunin sýndi m.a. að áhugi verkamanna á því að fara í einhvers konar nám var til staðar en ef til vill þarf að færa þeim ráðgjöf á aðgengilegri máta.

Staða og viðhorf atvinnulausra kvenna á Egilsstöðum og í Fjarðarbyggð

Vinumarkaðsráð veitti styrk til að gera könnun á stöðu og viðhorfum atvinnulausra kvenna á Mið-Austurlandi. Rætt var við atvinnulausar konur um hagi þeirra, ástæður og afleiðingar atvinnuleysis. Að mati þeirra eru ýmsar skýringar á því af hverju þær eru atvinnulausar, svo sem fábreytt og/eða erfið störf í boði.

Könnun á vinnumarkaði

Verkefni sem unnið var fyrir Vinnumarkaðsráð að frumkvæði Afls um fjölmarga þætti varðandi atvinnulíf og íbúa svæðisins er að ljúka. Íbúafjöldi er brotinn niður í aldur og kyn og þróun undangenginna ára, fyrir mismunandi byggðakjarna, er skoðuð. Aflað er gagna um aðflutta og brottflutta og um árangur af starfi „nýbúafulltrúa“ í Fjarðarbyggð. Tilkoma nýrra starfa er skoðuð og rýnt í ástæður þess að ungar konur virðast flytjast úr dreifbýli. Vonast er til að verkinu ljúki á fyrri hluta árs 2014.

Sjálfbærni- og verkunarkerfi

Í byrjun árs tók Austurbrú að sér vinnu við sjálfbærni- og verkunarkerfi Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar. Verkefnið gengur út á vöktun á fjölmörgum mælikvörðum eða vísnum sem mæla breytingar í umhverfi, samfélagi og efnahag á Austurlandi og hafa mælingar verið á gangi síðan á, eða fyrir, framkvæmdatíma við uppbyggingu álvers á Reyðarfirði og virkjunar við Kárahnjúka. Auk uppfærslu vísa skv. nýjustu mælingu var árið 2013 unnið að ýmsum endurbótum, þróun verkefnisins og kynningu á því.

Fossar á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Verkefnið hefur það að viðfangsefni að finna og staðsetja fossa á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Töluverðar upplýsingar liggja fyrir í eldri skýrslum um fossa á þeim svæðum sem tengjast áhrifasvæðum virkjunar við Kárahnjúka en vitað var að einhverjir fossar væru í ám og lækjum innan þjóðgarðsmarka á Austursvæði sem ekki hefðu verið skráðir. Lítið þekktir fossar og flúðir á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs voru kannaðir, staðsettir með GPS og tekin af þeim mynd. Vinir Vatnajökuls styrktu verkefnið, án þess stuðnings hefði ekki orðið af því. Verkefnið heldur áfram 2014.

Símenntunarsvið



Símenntunarsvið

Símenntunarsvið tilheyrði áður Þekkingarneti Austurlands ses. sem stofnað var 13. júní 2006 á grunni Fræðslunets Austurlands sem stofnað var 30. október 1998.

Símenntunarsvið er annað af fræðsluviðum Austurbrúar auk háskóla- og rannsóknasviðs. Meginmarkmið með starfi símenntunarsviðs Austurbrúar er að stuðla að fjölbreyttri símenntun á Austurlandi, vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði símenntunar og vera í fararbroddi í þróun og framboði á símenntun á svæðinu. Símenntunarsvið er tengiliður milli þeirra aðila sem bjóða upp á símenntun og fullorðinsfræðslu annars vegar og hins vegar einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á Austurlandi. Starfsmenn Austurbrúar kynna, miðla og skipuleggja nám sem einstaklingar og fyrirtæki í fjórðungnum kunna að þurfa og óska eftir hverju sinni. Starfsmenn sviðsins leggja á ráðin með faghópum sem vilja bæta við þekkingu sína, um lengra eða styttra nám, útbúa sérvalin námskeið eftir óskum og sjá um undirbúning og framkvæmd þeirra.



Almenn námskeið

Fjöldmörg námskeið eru haldin á hverju ári fyrir ólíka hópa. Árið 2013 voru haldin 144 námskeið, mismunandi að lengd og uppbyggingu. Taflan hér fyrir neðan sýnir fjölda námskeiða, þátttakenda og nemendastunda.


Fjöldi námskeiða, þátttakenda og nemendastundir

	2009	2010	2011	2012	2013
Námskeið	124	130	137	129	144
Þátttakendur	1.228	1.305	1.347	1.301	1.540
Nemendastundir	37.723	33.855	45.594	50.472	45.537

Á árinu 2013 fjölga námskeiðum og nemendum en nemendastundum fækka. Þátttakendum fjölga um 20% milli árána 2012-2013 og námskeiðum hefur fjölgað um 13% milli ára, úr 129 í 144, en nemendastundum fækka vegna þess að fleiri stutt og starfstengd námskeið eru í boði en færri langar námsleiðir.



Skipting eftir kyni 2013



Meðalaldur námsmanna er 43 ár.

Þessi fjölgun á námskeiðum fer langt fram úr væntingum, í starfsáætlun 2013 var gert ráð fyrir 1300 þátttakendum, 130 námskeiðum og 50.000 nemendastundum.

Byrjað var að flokka námskeið með nákvæmari hætti árið 2012 að tilmælum Kvasis, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Myndin á síðunni hér til vinstri sýnir hvernig námskeið raðast á efnisflokkum árin 2012 og 2013. Starfstengd námskeið eru flest en nemendastundir eru flestar í löngum námsleiðum FA.

Fjöldi þátttakenda á námskeiðum hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár og voru samtals 1541 árið 2013, konur voru 1019 og karlar voru 532. Fleiri konur taka þátt í námskeiðum en karlar, 68% nemenda eru konur árið 2013 en voru árið á undan 60% nemenda.

Námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)

Árið 2013 voru kenndar 8 mismunandi námsleiðir frá FA og samtals voru 6 námsleiðir í kennslu á vorönn og 7 námsleiðir á haustönn 2013. Í sumum tilfellum er kenndur hluti af námsleið og í öðrum tilfellum er sama námsleið kennd tvisvar.

- Stóriðjuskólinn - grunnnám, einn hópur hóf nám á árinu.
- Stóriðjuskólinn - framhaldsnám, 2 hópar hófu nám á árinu og 1 hópur tók 2. og 3. önn.
- Fiskvinnslunámskeið, 2 hópar.
- Fagnámskeið, 1 hópur.
- Meðferð matvæla, 1 hópur.
- Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum, 1 hópur lauk námi.
- Fjölverkjar, 1 hópur.

Stóriðjuskólinn er sú námsleið sem telur flestar nemendastundir á árinu, þar eru 55 nemendur í grunn- og framhaldsnámi.

Íslenska fyrir útlendinga

Á árinu voru haldin 19 námskeið í íslensku fyrir útlendinga og fjöldi þátttakenda var 176. Þetta er svipaður fjöldi námskeiða og undanfarin ár. Námskeiðin eru styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Auk námskeiða í íslensku er samstarf við fyrirtæki um talþjálfun og hæfnipróf í íslensku.

Unnið er að frekari útfærslu á vinnustaðanámi í íslensku fyrir fyrirtæki þar sem starfsmenn geta notað vinnutíma þegar hentar verkefnastöðu vinnustaðar til að læra íslensku. Þetta krefst nokkuð mikillar þekkingar og skipulags, finna þarf sérhæfð verkefni sem henta vinnustaðnum og flókið er að finna leiðbeinanda sem getur tekið að sér kennslu á mismunandi tímum. Byrjað var á útfærslu á þessu vorið 2013 og verður verkefnið áfram í gangi eftir óskum og þörfum atvinnulífsins.

Samstarf við Fjölmenn

Austurbrú hefur umsjón með námskeiðum fyrir fatlaða með fjármögnun frá Fjölmenn og voru 8 námskeið haldin á árinu. Námskeiðin voru haldin á Egilsstöðum, Seyðisfirði, Hornafirði og í Fjarðabyggð. Minna fjármagn fékkst í fullorðinsfræðslu fatlaðra á haustönn sem skýrir að eingöngu voru haldin 3 námskeið á þeirri önn.

Námskeið fyrir atvinnuleitendur

Samstarf er á milli Austurbrúar, Starfs vinnumiðlunar, Vinnumálastofnunar, Virk og Starfsendurhæfingar Austurlands (StarfA) um námskeið sem sérstaklega eru sniðin að þörfum þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði. Sérstök áhersla var lögð á námskeiðið „Virkni og kraftur“ þar sem aðalmarkmiðið er að virkja þátttakendur í atvinnuleit og gera ferilskrá en einnig voru nokkur sérsniðin námskeið í heilsuefingu. Að öðru leyti taka atvinnuleitendur þátt í almennum námskeiðum sem í boði eru á viðkomandi svæði.

Fulltrúi símenntunar situr í Vinnumarkaðsráði, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Náms- og starfsráðgjöf

Austurbrú er með samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um framkvæmd náms- og starfsráðgjafar fyrir fólk á vinnumarkaði. Meginmarkmiðið með verkefninu skv. samningnum er að veita einstaklingum með litla formlega grunnmenntun hvatningu til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði með náms- og starfsráðgjöf. Á árinu 2013 voru tekin 324 viðtöl og þar af voru 130 viðtöl við atvinnuleitendur. Hlutfall kynja var þannig að karlar voru 105 (32%) en konur 219 (68%) sem er í sömu hlutföllum og þátttakendur á námskeiðum þetta árið.

Austurbrú vinnur náið með Starfi vinnumiðlunar og Vinnumálastofnun varðandi náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur og hafa ráðgjafar samnýtt ferðir vegna ráðgjafarþjónustu á þéttbýlistöðum á Austurlandi.

Auk ráðgjafarviðtala vegna markhóps fullorðinsfræðslu, veitir náms- og starfsráðgjafi fjarnemum háskólanna ráðgjöf og þá fyrst og fremst þeim sem eru að skoða mismunandi námstækifæri hjá skólunum en einnig þeim sem þurfa aðstoð vegna námstækni og prófkviða.

Raunfærnimat

Mat á raunfærni byggist á að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur við ýmsar aðstæður. Með raunfærnimati er stefnt að því að staðfesta og meta raunverulega færni einstaklinga í skilgreindum verkum eða námsefni án tillits til þess hvernig eða hvar þessarar færni hefur verið aflað. Ekki hafa verið í gangi raunfærnimatsverkefni árið 2013 hjá Austurbrú en tekin eru grunnviðtöl við þá sem hafa hug á að fara í raunfærnimat og þeim er síðan vísað áfram til lóunnar eða annarra sem bjóða raunfærnimat í viðkomandi starfsgrein.

Markviss ráðgjöf

Markviss ráðgjöf er þjónusta við fyrirtæki og stofnanir. Samkvæmt aðferðum Markvissrar ráðgjafar er unnið kerfisbundið að starfsmannaþróun með því að skipuleggja menntun og þjálfun starfsfólks. Í dag hafa tveir starfsmenn Austurbrúar, Ragna Hreinsdóttir og Bergþóra Arnórsdóttir, fengið þjálfun sem Markviss ráðgjafar en einnig hefur Kjartan Glúmur Kjartansson stundað nám í gerð þarfagreininga frá HÍ.

Samstarf við fyrirtæki og stofnanir

Fræðsluáætlanir fyrir starfsmenn eru til í mörgum fyrirtækjum. Unnið er með Heilbrigðisstofnun Austurlands, Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og Félagsþjónustu Fjarðabyggðar og haldin námskeið víða um Austurland fyrir starfsmenn fyrirtækjanna. Þá hefur einnig verið unnin þarfagreining og gerð fræðsluáætlun fyrir Launafl sem kemur til framkvæmdar 2014.

Í nokkrum tilfellum eru sett upp sameiginleg námskeið fyrir starfsmenn mismunandi fyrirtækja þannig að mögulegt sé að halda námskeið í byggðarlagi starfsmanna þrátt fyrir fáa þátttakendur frá hverju fyrirtæki.

Þá er áfram unnið að samstarfsverkefni með Alcoa Fjarðaáli í frumgreinadeild og iðnfræði ásamt Háskólanum í Reykjavík og vegna Stóriðjuskólans í samstarfi við Verkmenntaskóla Austurlands.

Nokkur fyrirtæki og stofnanir nýta einnig þjónustu Austurbrúar varðandi sérhæfð námskeið fyrir starfsmannahópa og stjórnendur.

Austurbrú hefur tekið að sér að útbúa rafrænt námsefni fyrir Alcoa Fjarðaál. Búið er að setja upp eitt tilraunanámskeið á innri vef fyrirtækisins en stefnt er að frekari vinnu á því sviði.

Sérverkefni í framhaldsfræðslu

Á árinu 2013 var unnið í átta verkefnum sem styrkt voru í átaksverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis „Nám er vinnandi vegur - styrkir til eflingar starfsmenntunar“. Þrjú verkefnanna hófust 2012; Greining á hindrunum í námi fullorðinna hjá verkafólki á Austurlandi, Fjölsmiðaverkefni og Vinnustaðanám í íslensku. Verkefnunum lauk vorið 2013.

Austurbrú fékk í febrúar styrk til að vinna námskrá í nýtingu á staðbundnu hráefni og til að gera námskrá og tilraunakenna námskeið í umhirðu ungsóga. Austurbrú var samstarfsaðili Starfs – vinnumiðlunar í verkefninu „Íslenska í námi og starfi“ sem lýkur í febrúar 2014.

Í júlí fékkst einnig styrkur til tilraunakennslu á námskrá fyrir verslunarfulltrúa og starfsfólk í ferðaþjónustu, í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Farskólann á Norðurlandi vestra. Undirbúningur fyrir námskeiðið fór fram á haustönn 2013 en námskeiðið verður tilraunakennt á vorönn 2014. Á sama tíma fékk Menntaskólinn á Egilsstöðum styrk til að gera brautar og áfangalýsingar fyrir umönnunarbraut þar sem Austurbrú og Heilbrigðisstofnun Austurlands eru samstarfsaðilar. Verklök eru áætluð vorið 2014.

Eftirtöldum sérverkefnum lauk á árinu:

- Fjölsmiðaverkefni í samstarfi við Tæknimínjasafnið á Seyðisfirði og Starf vinnumiðlun. Námskrá var gerð á vorönn og námskeið tilraunakennt.
- Vinnustaðanám í íslensku í samstarfi við Skinney-Þinganes á Hornafirði og Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Tilraunakennsla á vinnustaðanámi á vinnutíma.
- Greining á hindrunum í námi fullorðinna hjá verkafólki á Austurlandi. Rannsókn sem er aðgengileg á heimasíðu Austurbrúar.
- Nám í nýtingu á staðbundnu hráefni þar sem unnið var námskrá á 4. hæfniprepi byggð á námskeiði sem var tilraunakennt í Evrópuverkefninu „Creative Communities“. Námskráin er aðgengileg í námskrárgrunni MRN, á heimasíðu Menntaskólans á Egilsstöðum og Austurbrúar en auk þeirra tók Listaháskóli Íslands þátt í verkefninu.
- Umhirða ungskóga er samstarfsverkefni Austurbrúar, Menntaskólans á Egilsstöðum og Starfs vinnumiðlunar. Námskrá var gerð á 1. hæfniprepi og tilraunakennd á haustönn 2013.

Í júní 2013 fékkst styrkur frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að tilraunakenna námskeiðið „Vélfræði fyrir vélamenn“ og þá er Austurbrú samstarfsaðili Verkmenntaskóla Austurlands vegna verkefnisins „Tæknilausn“ sem styrkt var af sama sjóði. Bæði verkefni voru undirbúin á haustönn 2013 og framkvæmd í upphafi árs 2014.

Gæðamál

Unnið hefur verið að mótun gæðahandbókar og uppbyggingu gæðakerfis fyrir símenntunarsvið Austurbrúar frá haustinu 2010. Árið 2012 var sótt um vottun á gæðaviðmiðum EQM sem lýst er í gæðahandbókinni og hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins umsjón með því vottunarferli í samstarfi við vottunaraðila frá BSI (British Standards Institution). Vottun fékkst í byrjun árs 2013 og í haust var gerð framhaldsúttekt og unnið er að umbótaáætlun í framhaldi af henni. Áfram er unnið að gæðamálum innan stofnunarinnar með það að markmiði að öll starfsemi stofnunarinnar sé eftir gæðiferli.

Samstarf fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu

Austurbrú er aðili að Kvasi, samtökum svæðisbundinna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, sem sinnir símenntun og öðrum verkefnum skv. samningum við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Austurbrú er einnig aðili að Leikn, sameiginlegum vettvangi aðila í fullorðinsfræðslu.



Markaðssvið



Markaðssvið

Markaðsstofa Austurlands, sem var stofnuð 7. febrúar 1999 af sveitarfélögum á Austurlandi og ferðaþjónustuaðilum, varð markaðssvið innan Austurbrúar við stofnun hennar.

Stærstur hluti starfs markaðssviðsins snýr að ferðaþjónustunni. Hlutverk þess er þó víðara en það og snýr að markaðssetningu Austurlands í heild, þ.m.t. til atvinnu, búsetu og fjárfestinga. Unnið hefur verið út frá þessari hugsun og reynt að greina hvar skórinn kreppir og hvar tækifærin liggja. Jafnframt er reynt að leggja mat á þróunina á grundvelli skýrsla frá opinberum aðilum.

Starfsmenn sviðsins starfa náið með öllum ferða- og menningarmálafulltrúum á Austurlandi, sveitarfélögum, öðrum hagsmunaaðilum en fyrst og fremst með á annað hundrað ferðaþjónustufyrirtækjum á Austurlandi. Helstu markmið á sviði markaðsmála eru að styrkja ímynd Austurlands í hugum ferðamanna, að annast stjórnun og markaðssetningu sameiginlegra viðburða, safna upplýsingum og halda utan um gagnagrunn um ferðaþjónustu á Austurlandi (verkefni sem enn hefur ekki komist á legg), að samræma markaðsstarf í ferðaþjónustu á Austurlandi, m.a. með liðsinni og ráðgjöf við ferðaþjónustuaðila og sveitarfélög á svæðinu, að vera leiðandi í stefnumótun í ferðamálum, að hvetja til nýsköpunar og vöruþróunar í ferðaþjónustu á svæðinu, m.a. með þátttöku í ýmsum samstarfsverkefnum og vera málssvari og vettvangur umræðu og samstarfs í ferðaþjónustu á Austurlandi.

Markaðssvið rekur Upplýsingamiðstöð Austurlands á Egilsstöðum.

Föst stöðugildi á ársgrundvelli eru tvö og hálf: Jón Pálsson, fulltrúi markaðsmála, Jónína Brynjólfsdóttir, verkefnastjóri á Upplýsingamiðstöð og María Hjálmsdóttir, verkefnastjóri um markaðssetningu Egilsstaðarflugvallar, að hálfu á markaðssviði. Allir komu þessir starfsmenn inn á sviðið á árinu. Að auki komu fjórir sumarstarfsmenn til starfa á Upplýsingamiðstöð yfir háannatímamann.

Starfið á markaðssviði

Starfið einkennist af annatímum í mismunandi verkefnum eftir árstíma og er misjafnt hvort þunginn er á Upplýsingamiðstöðinni eða í öðru starfi markaðssviðsins. Í byrjun árs var rólegt á Upplýsingamiðstöðinni, örfáir ferðamenn komu í janúar og febrúar en með vorinu fjölgaði þeim og frá júní og fram í október var stöðugur erill ferðamanna, mun meiri en áður. Í nóvember og desember var aftur fremur fátt um ferðamenn en þeir voru samt áberandi fleiri en árið á undan. Vorið var annasamt á markaðssviðinu í útgáfu og fundahaldi, sumarið einkenndist af kynnisferðum, aðstoð við blaðamenn, ferðabókahöfunda, innanlandsátakinu „Ísland er með'etta“ og ýmsu öðru tilfallandi. Uppfærsla á vefnum, east.is, er einnig viðvarandi verkefni.

Þjónustusamningar

Markaðssviðið vann að því að fjölga þjónustusamningum við ferðaþjónustufyrirtæki á Austurlandi. Með breyttri framsetningu á Smábókinni East Iceland - Official Tourist Guide opnast möguleiki til að fyrirtæki í verslun og þjónustu efni til samstarfs við markaðssviðið.

Heimsóknir til ferðaþjónustuaðila

Starfsmenn markaðssviðsins heimsóttu nær alla ferðaþjónustuaðila í sumar. Áfram verður farið í heimsóknir til fyrirtækja og starf markaðssviðsins kynnt fyrir þeim.

Upplýsingamiðstöðin

Upplýsingamiðstöð Austurlands á Egilsstöðum ber ábyrgð á almennri upplýsingagjöf til ferðamanna og annarra aðila er koma að ferðaþjónustu. Hún er skilgreind sem landshlutamiðstöð fyrir Austurland og hefur ákveðnar skyldur sem slík, t.d. hvað varðar opnunartíma og miðlun á bæklingum og öðrum upplýsingum. Upplýsingamiðstöðin er starfrækt allt árið. Yfir vetrartímamann, þegar umferð ferðamanna um Upplýsingamiðstöðina er í lágmarki, fer stór hluti starfsins í að svara fyrirspurnum og vinna að ýmsum verkefnum markaðssviðs.

Árið 2013 komu um 60.000 gestir í Upplýsingamiðstöðina sem er veruleg aukning frá árinu áður. Sala landakorta og ferðahandbóka jókst frá fyrri árum og nam tæpum 8 milljónum króna. Framlegð er um 23% af sölu, hreinn hagnaður af sölu var því um 1,8 milljónir króna. Árið 2013 var tugþúsundum bæklinga um og fyrir ferðaþjónustuna á Austurlandi af ýmsum gerðum dreift, að hluta til erlendis en þó að langmestu leyti innanlands. Jafnframt var leitast við að senda sem mest af upplýsingum á rafrænu formi en stór hluti af markaðs- og kynningarefni sviðsins er kominn á rafrænt form sem hægt er að senda með tölvupósti eða hlaða niður beint af vefnum.

Leigusamningur um húsnæði Upplýsingamiðstöðvarinnar í Niunni (Miðvangi 9) rann út á fyrri hluta árs og fékkst ekki endurnýjaður nema til nokkurra mánaða í senn. Um áramót var gerður samningur um leigu á húsnæði í Miðvangi 2-4. Starfsemi hófst í nýju húsnæði um miðjan febrúar 2014.

Markaðssviðið stefnir að því að styrkja rekstrargrundvöll Upplýsingamiðstöðvarinnar, m.a. með því að auka rekstrartekjur hennar, t.d. með sölu minjagripa.

Egilsstaðaflugvöllur

Á árinu 2013 var ráðinn verkefnastjóri til að stýra einu af sóknaráætlunarverkefnum landshlutans sem felst í eflingu á alþjóðlegu flugi um Egilsstaðaflugvöll. Verkefnið er að hluta til vistað á markaðssviði og að hluta til á nýsköpunar- og þróunarsviði Austurbrúar.

Slíkar fyrirætlanir eiga sér langa sögu en þó er ýmislegt sem bendir til þess að ytri aðstæður nú séu einstaklega hagstæðar. Vonast er til þess að koma á reglulegum flugsamgöngum við útlönd. Ræðst það bæði af þeim mikla fjölda ferðamanna sem kemur til Íslands, fyrirsjáanlegri fjölgun þeirra næstu árin og áherslum stjórnvalda á að dreifa þeim betur um landið.

Á árinu fór fram mikil og ítarleg greiningarvinna á möguleikum landshlutans, hvaða innviðir eru til staðar og hverja vantar, hvaða stoðir þarf að styrkja og hvernig Austurland getur búið sig undir að verða önnur gátt inn í landið, með suðvesturhorninu.

Mikil tækifæri eru tengd auknum ferðamannafjölda til Íslands, möguleikar tengjast einnig tækifærum í fragtflutningi með flugi sem og tækifærum á Norðurlóðum hvað varðar pólarflug, auknar kröfur um þjónustu í flugi í tengslum við olíuleit við austurströnd Íslands og fleiri tækifæri tengd alþjóðavæðingu almennt. Ljóst er að margir aðilar eru að skoða flugvöllinn m.t.t. áætlunarferða.

Þetta verkefni er styrkt af sóknaráætlun.

NORA

Mikilvægast er á þessu stigi að tryggja framtíð flugvallarverkefnisins. Unnið er að umsókn í NORA, en ein megináhersla þess sjóðs til ársins 2016 er að veita styrki í verkefni sem styrkja samgöngur á jaðarsvæðum.

Það fjármagn sem sóknaráætlun leggur til verkefnisins dugar í eitt ár fyrir verkefnastjórn, mikilvægt er að festa verkefnið í sessi til a.m.k. næstu þriggja ára og hófst því undirbúningur að frekari fjármögnun fyrir verkefnið strax á árinu 2013. Fjármagn fékkst úr vaxtarsamningi Austurlands auk þess sem undirbúningsumsókn fyrir NORA var send inn í október. Til að sækja um er nauðsynlegt að hafa samstarfsaðila frá tveimur löndum sem heyra undir NORA en Austurbrú myndi leiða verkefnið. Vonir standa enn fremur til þess að Atvinnuþróunarsjóður Austurlands gæti í framhaldi haft aðkomu að því að fjármagna verkefnastjóra til þessa mikilvæga verkefnis sem nýtast mun öllu Austurlandi.

Áfram verður unnið að kynningu á flugvælinum og greiningu á tækifærum, jafnt fyrir farþegaflug sem og fragt og þjónustu við olúfyrirtæki við leit á Drekasvæðinu. Einnig er í undirbúningi skipulagning á leiguflugi í samstarfi við ferðaskrifstofur.

Kynningarstarf

Útgáfa

Þjónustukortið er kort af Austurlandi, þar sem upplýsingar um alla helstu þjónustu eru taldar upp og merktar inn á kortið. Einnig eru merktir inn áhugaverðir staðir o.fl. Þjónustukortið var endurútgæfið 2013 í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila. Upplagið var 35.000 eintök. Fyrir árið 2014, verða gerðar breytingar á kortinu sem felast í því að bæta við áhugaverðum dagleiðum um Austurland. Smábókin East Iceland - Official tourist guide kom út í fjórða sinn árið 2013. Bókin inniheldur upplýsingar um Austurland, umhverfi, samfélög og þjónustu. Upplagið var 30.000 eintök. Bókin þykir handhægt kynningarrit. Eins og með þjónustukortið er unnið að breytingum á Smábókinni fyrir árið 2014. Henni verður skipt niður eftir sveitarfélögum sem ætti að auðvelda ferðamanninum notkun hennar, bæði við skipulagningu ferðar og við komu á Austurland.

Vefur east.is

Vefurinn er eitt mikilvægasta markaðstækið, bæði fyrir ferðaþjónustuna og almennt fyrir Austurland. Stór hluti ferðamanna sem skipuleggja ferð til Íslands gera það með því að leita sér upplýsinga á vefnum. Markaðssviðið er í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna og Íslandsstofu um endurhönnun á vefjum sínum. Fengist hefur styrkur úr sóknaráætlun til endurhönnunar vefsins sem hefst í upphafi árs 2014. Þegar hafa verið ráðin fyrirtæki, bæði til að gera þarfagreiningu á vefnum og til að sjá um uppsetningu hans. Vinna við ný efnistösk og skipulagningu vefsins hefst um leið og þarfagreiningunni lýkur. Árið 2013 var farið í gegnum vefinn og meira myndefni sett þar inn. Að auki hafa ýmsar upplýsingar um félagið verið uppfærðar og nýjum ferðaþjónustuaðilum verið bætt við.

Sýningar og kaupstefnur

Markaðssvið tekur þátt í sýningum og kaupstefnum. Stefnt er að því að efla þennan þátt í starfseminni og taka í framtíðinni þátt í fleiri ferðakaupstefnum erlendis, m.a. í samstarfi við Íslandsstofu. Árið 2013 fór markaðssvið á eftirtaldar kaupstefnur:

Mid Atlantic ferðakaupstefna Icelandair var haldin í Reykjavík í byrjun febrúar. Markaðssviðið var með bás á sýningunni.

ITB í Berlín var haldin í mars og var fulltrúi markaðssviðs starfsmaður Íslandsstofu á kynningarbás Íslands á sýningunni.

Vest Norden kaupstefnan var haldin á Grænlandi í október. Markaðsstofan, ásamt öðrum markaðsstofum landshlutanna, voru með kynningarbás undir kjörorðinu „Rural Iceland“. Markmiðið var að vekja sérstaka athygli á því sem landsbyggðin hefur upp á á bjóða.



Blaðamannaferðir

Markaðssvið Austurbrúar tók á móti fjölmiðlafólki, ljósmyndurum og ferðaskrifstofufólki á árinu. Með samstarfi við ferðaþjónustu á svæðinu tókst að skapa góða ímynd í huga og hjarta þeirra sem komu í þessum tilgangi. Stefnt er að því að fjölga slíkum heimsóknum til muna. Meðal þeirra sem liðsinnt var, voru blaðamenn og ljósmyndarar frá BBC, hópur blaðamanna frá kanadískum fjölmiðlum og annar frá frönskum. Umfallanir um Austurland hafa síðan verið að birtast í miðlum þessara blaðamanna.

Kynningarblað um Austurland

Markaðs-, nýsköpunar- og þróunarsvið Austurbrúar hafa unnið saman að því að afla styrkja til útgáfu á kynningarblaði um Austurland sem dreift verður á landsvísu. Sjá nánari umfjöllun hjá nýsköpunar- og þróunarsviði.

Viðburðir

Markaðsstofan kemur að markaðssetningu fjölmargra viðburða á Austurlandi. Hér verða nefndir þeir helstu.

Flott í vetur

Unnið var að markaðssetningu á möguleikum vetrarferðamennsku og afþreyingar. Markaðssviðið, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað unnu saman að kynningarefni tengt vetrinum undir yfirskriftinni „Flott í vetur“ og náðu þannig betri kjörum á ferðum og fleiru sem og auknum slagkrafti.

Páskafjör á Austurlandi

Páskafjör var haldið í áttunda sinn og er sú hátíð búin að festa sig í sessi. Það var að vanda fjölbreytt og skemmtileg dagskrá og mikið um að vera á skíðasvæðunum. Ýmis tilboð voru kynnt, þ.á m. flug og gisting.

Sumarviðburðir

Hefðbundið kynningarátak var keyrt síðastliðið sumar í fjölmiðlum. Auglýsingar voru samlesnar á RÚV auk birtinga skjáauglýsinga og blaðaauglýsinga. Þátttaka í sumarhátíðum var góð.

Dagar myrkurs

Dagar myrkurs voru haldnir frá 7. – 17. nóvember í fjórtánda sinn og hafa þeir fest sig í sessi. Þeir hefjast alltaf fyrsta fimmtudag í nóvember. Hátíðin er liður í því að fjölga ferðamönnum til Austurlands á jaðar-tíma en ekki síður að skemmta heimamönnum. Dagskráin var að vanda fjölbreytt og áhugaverð. Kynning var í sérblaði með Dagskránni, á vefnum og í samlesnum auglýsingum og með skjáauglýsingum. Þá voru nokkrir staðir með sérstakt gistitilboð, sumir í samstarfi við Flugfélagið. Kynningarátak Daga myrkurs var styrkt af Vísi, Síldarvinnslunni, Alcoa Fjarðaáli, Íslandsbanka, Landsbankanum og Flugfélagi Íslands.

Jól á Austurlandi

Markaðssviðið stóð fyrir þessu átaki í áttunda sinn og tókst vel til. Fjölmörg fyrirtæki tóku þátt í viðburðinum og leituðust í sameiningu við að hvetja fólk til að versla í heimabyggð og taka þátt í skemmtilegum viðburðum tengdum jólamánuðinum. Styrkir stóðu undir kynningarkostnaði. Jól á Austurlandi er gott dæmi um afbragðs samvinnu styrktaraðila og samtakamátt ferðaþjónustu, verslunar og menningarstofnana. Jól á Austurlandi voru styrkt af BYKO, Húsasmiðjunni, Icelandair Hótel Héraði, Nettó, Orkusölunni, Sjóvá, Securitas og VÍS.

Póstkortakeppni

Á haustmánuðum 2013 stóð Markaðsstofan að ljósmyndakeppni með það að markmiði að afla fallegra mynda sem hægt væri að nota á póstkort og í markaðsstarfi. Þátttaka var mjög góð og skilaði fjölmörgum fallegum ljósmyndum af Austurlandi.

Þróunar- og samstarfsverkefni

Markaðsstofan tekur þátt í mörgum samstarfs- og þróunarverkefnum og eru hér nefnd þau helstu.

Samstarf markaðsstofa landshlutanna

Þetta samstarf er öflugt og fundir haldnir einu sinni í mánuði. Markaðsstofurnar eru sjö talsins og er þar Höfuðborgarstofa meðtalin, en hún tekur þó lítinn þátt í samstarfinu. Verkefni sem unnið hefur verið að sameiginlega eru t.a.m. Smábókin, vefmál í samstarfi við Íslandsstofu, „Ísland er með'etta“ í samstarfi við Ferðamálastofu, þátttaka á ferðasýningum, ásamt öðru er lýtur að sameiginlegum hagsmunum.

Samstarf menningar- og ferðamálafulltrúa

Samstarfið er í föstum skorðum með reglulegum fundum þar sem menningar- og ferðamálafulltrúar frá öllum sveitarfélögum á starfssvæði Austurbrúar koma saman ásamt fulltrúum frá markaðs- og menningarsviði Austurbrúar. Gott samstarf hefur skapast og mikill hugur að efla ferðaþjónustu á öllum sviðum.

Markaðssviðið og sveitarfélögin, í gegnum samstarf ferðamálafulltrúana, vinna saman að verkefni sem snýst um gerð kynningarmyndbands um Austurland til sýningar í sýningarkerfi Icelandair vélanna, Unique Iceland. Áætlað er að því ljúki í maí 2014. Sjö sveitarfélög taka þátt í verkefninu.

Markaðssviðið er einnig í samvinnu við ferðamálafulltrúana um gerð apps fyrir Austurland og hefur staðið í samningaviðræðum við eitt stærsta fyrirtæki í heiminum á því sviði, PocketGuide. Samningar hafa verið undirritaðir og er áætlað að söfnun efnis verði lokið um miðjan júní. Appið ætti þá að fara í loftið um mánuði síðar. Sjö sveitarfélög taka þátt í því verkefni.

FAUST

Æskilegt er að koma samstarfi við FAUST (Ferðamálasamtök Austurlands) í fastari farveg. Það verður tekið upp á árinu 2014. Einnig hefur verið rætt við FAUST um að bjóða ferðaskrifstofufólki af höfuðborgarsvæðinu til fundar með ferðaþjónustuaðilum á svæðinu. Mikilvægt er að ferðaþjónustuaðilar komi að stefnumótunarvinnu um markaðssetningu Austurlands sem áfangastaðar ferðamanna.

Samstarf við ferðafélögin á Austurlandi

Markaðsstofan er í samstarfi við ferðafélögin á Austurlandi um gerð samræmds gönguleiðakorts og hugsanlega apps. Tryggja verður að komið sé á framfæri nauðsynlegum öryggisatriðum.

Samstarf við opinbera aðila

Ágætt samstarf var við SSA (Samband sveitarfélaga á Austurlandi), sveitarfélögin og aðrar stoðstofnanir en markaðssviðið tók þátt í ýmsum verkefnum með þessum aðilum auk þess að kynna starfsemi markaðssviðs Austurbrúar. Þá tók markaðssviðið virkan þátt í ýmsum verkefnum tengdum stjórnslu, löggjöf og ýmissi hagsmunagæslu á opinberum vettvangi. Markaðssviðið veitti til að mynda umsagnir um nokkur lagafrumvörp og annað sem varðar beina og óbeina hagsmuni ferðaþjónustunnar.

Hreindýrasetur

Markaðssviðið lítur á auðlindina hreindýr sem mikilvægt tækifæri í markaðssetningu Austurlands, sérstaklega innanlands. Lengi hefur verið talað um hvernig hægt sé að nýta þessa auðlind betur til hagsbóta fyrir fjórðunginn. Markaðssviðið mun taka þátt í áframhaldandi vinnu á þessu sviði með öðrum aðilum.

Gagnagrunnur


Sótt var um styrk til iðnaðarráðuneytisins til að koma upp gagnagrunni um Austurland en honum var hafnað. Þetta er nokkuð sem lengi hefur verið rætt um, að koma upp á einum stað aðgengilegum upplýsingum um allt sem varðar landshlutann, hvort heldur er á sviði ferðaþjónustu-, atvinnu- og búsetumála eða fjárfestinga. Söfnun upplýsinga um ferðaþjónustuna er þegar hafin, en það starf gengur hægt á meðan starfsmenn komast aðeins í það meðfram öðrum skyldum.

Markaðssviðið er þátttakandi í faghóp um gagnagrunn ferðaþjónustunnar á vegum „Íslenska ferðaklasans“ sem Gekon leiðir. Einnig er að fara af stað verkefni á vegum Byggðastofnunar um gerð gagnagrunns með upplýsingum um sveitarfélögin. Markaðssviðið hefur mikinn áhuga á að koma að því starfi.

Stefnumótun

Vinna við stefnumótun í ferðamálum á Austurlandi er stöðugt í gangi þótt ekki hafi verið gefið út formlega stefnu. Eldri stefnumótunarvinna hefur verið leiðarljós í markaðssetningu svæðisins um skeið. Markaðssviðið hefur tekið aftur upp þráðinn við endurskoðun stefnunnar enda mikilvægt að stefnumótun sé lifandi og svari breyttum aðstæðum.

Jafnframt er á vegum markaðssviðsins unnið að stefnumótun um markaðssetningu Austurlands, en það er verkefni í sóknaráætlun. Það sem hefur háð þeirri vinnu, auk tímaskorts, er að ekki liggja fyrir upplýsingar um ferðaþjónustuna, atvinnulífið, búsetuskilyrði, stofnun fyrirtækja, rekstrarskilyrði og annað sem lýtur að stuðningi sveitarfélaga jafnt við fyrirtæki sem fjölskyldur. Það stendur til bóta.



Menningar svið



Menningar svið

Meginhlutverk menningarsviðs Austurbrúar er að sjá um framkvæmd samnings ríkis og sveitarfélaga um menningarmál frá 15. apríl 2011. Auk þess er Miðstöð menningarfræða hluti af menningarsviðinu og starfar samkvæmt samningi Seyðisfjarðarkaupstaðar og ríkisins. Seyðisfjarðarkaupstaður hefur falið Austurbrú framkvæmd samningsins og er starfsmaður Miðstöðvarinnar starfsmaður Austurbrúar og daglegur rekstur og starfsemi hluti af menningarsviði Austurbrúar. Með þessari samlegð hefur menningarsviðið eflst meðal annars með því að nú eru tveir starfsmenn á sviðinu. Þannig gefast frekari möguleikar til þverfaglegar vinnu og fjölgun verkefna.

Markmið menningarsviðs skv. samningi er að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um menningarmál. Þá úthlutar Menningarráð Austurlands fjármagni til menningarverkefna á Austurlandi samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd samningsins gagnvart Austurbrú.

Meginmarkmið Miðstöðvar menningarfræða er meðal annars að skapa vettvang til að uppgötva, varðveita og miðla menningu, að aðstoða fræði- og listamenn með ýmsum hætti, veita þjónustu fyrir rannsóknarverkefni og miðlun tengda menningu og efla samvinnu fræðimanna, leikmanna og fræðistofnanna. Auk þess kemur Miðstöðin af stað samstarfi við háskóla og rannsóknarverkefnum í menningarfræðum.

Menningarráð Austurlands

Menningarráð Austurlands starfar skv. samþykktum frá ársfundi þess 14. september 2012 sem unnar voru sameiginlega af stjórnnum Austurbrúar og menningarráðsins. Hlutverk ráðsins er eins og komið hefur fram að efla menningarstarf á Austurlandi og úthluta fjármagni til menningarverkefna á Austurlandi samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál og að hafa eftirlit með framkvæmd samningsins, en dagleg umsýsla hans er í höndum Austurbrúar.

Ársfundur Menningarráðs Austurlands var haldinn þriðjudaginn 14. maí 2013 kl. 13:00 að Vonarlandi á Egilsstöðum. Kosin var ný stjórn og er hún þannig skipuð:

Norðursvæði SSA

Aðalheiður Borgþórsdóttir aðalmaður
Björn Ingimarsson aðalmaður
Sigríður Dóra Sverrisdóttir aðalmaður

Gunnþórunn Ingólfssdóttir varamaður
Karen Erla Erlingsdóttir varamaður
Þröstur Fannar Árnason varamaður

Suðursvæði SSA

Jens Garðar Helgason aðalmaður
Davíð Baldursson aðalmaður
Kristján Ingimarsson aðalmaður

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir varamaður
Egill Jónsson varamaður
Albert Jensson varamaður

Fulltrúi Austurbrúar

Bergþóra Arnórsdóttir aðalmaður

Ragna Hreinsdóttir varamaður

Þessi fyrstu tvö ár Austurbrúar hefur verið ágreiningur um hlutverk menningarráðsins gagnvart Austurbrú. Ólíkar skoðanir eru á því hvernig menningarráðið skuli nýtast Austurbrú til uppbyggingar menningar á Austurlandi, þrátt fyrir að unnið hafi verið sameiginlega að samþykktum þar um. Mikilvægt er að leysa þann ágreining og sátt verði um tilvist menningarráðsins. Í menningarsamningnum milli ríkis og sveitarfélaga kemur skýrt fram að menningarráð skuli starfa samhliða honum. Auk þess telur fagráð menningarsviðs Austurbrúar mikilvægt að hafa starfandi menningarráð. Þá má nefna að ráðstefnan „Menningarlandið“ vorið 2013 lagði áherslu á mikilvægi menningarráðanna í uppbyggingu menningar í landinu.

Árangursmat

Árangursmat, unnið af Capacent, á öllum menningarsamningum landshluta var kynnt árið 2013. Menningarsamningur Austurlands náði þar bestum árangri eða 93%. Mikilvægt er að vinna að því á næsta samningstímabili að viðhalda þeim góða árangri.

Í niðurstöðu matsins kemur meðal annars fram að „Austurland hefur starfað á grundvelli menningarsamnings frá árinu 2001 og hefur í mörgu tilliti verið eins konar undanfari eða frumkvöðull og tekið virkan þátt í umræðum um þróun og yfirfærslu þekkingar á milli svæða. Heildareinkunn svæðisins er 93% og svæðið hefur því náð góðum tókum á öllum matsþáttum, sérstaklega þegar litið er til nýsköpunar og fjölbreytni, stuðningi við ferðaþjónustu og á sviði samstarfs í menningarmálum“.

Þá kemur það einnig fram í samantekt yfir það fjármagn sem kemur í málaflokkinn að sveitarfélög á Austurlandi leggja mest fjármagn í samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál. Heildarfjármagn til samningsins varð því á þessum þremur árum 233,4 millj. kr.

Þó skal því haldið til haga að niðurstöður viðhorfskönnunar meðal styrkþega ársins 2012 til framkvæmdar menningarsamninga voru lakari á Austurlandi en víða annarstaðar. Mikilvægt er að taka tillit til þeirrar niðurstöðu og bæta úr því eftir föngum.

Miðstöð menningarfræða

Eins og áður hefur komið fram er Miðstöð menningarfræða á Seyðisfirði hluti af Austurbrú og hefur það haft mjög jákvæð áhrif á menningarsviðið. Nýr starfsmaður tók til starfa í ágúst 2013, Elfa Hlín Pétursdóttir. Hún tók við starfinu af Klas Hjære Poulsen sem hélt til náms erlendis.

Samkvæmt samningi voru greiðslur Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2013 kr. 7.100.000 til Austurbrúar en heildarkostnaður Miðstöðvar menningarfræða hjá Austurbrú var kr. 7.662.776. Því var rekstrarhalli hennar kr. -562.775. Mikilvægt er að menningarsviðið afli verkefna sem styrkja starfsemi Miðstöðvarinnar. Unnið hefur verið að því að koma á fót erlendum samstarfsverkefnum á sviði menningarrannsókna. Undirbúningur að slíku verkefni hófst þegar verkefninu „Mit hjem er hvor midt hjerte er“ lauk síðara hluta árs. Það verkefni var unnið af samstarfsaðilum á Borgmundarhólmi í Danmörku en gert er ráð fyrir að Austurbrú leiði vinnuna við næsta verkefni sem hefur hlotið nafnið „Heima er þar sem eyjahjartað slær“. Sótt var um í upphafi árs 2014.

Starfsmaður Miðstöðvar menningarfræða hefur unnið að margvíslegum störfum hjá Austurbrú sem ekki var gert ráð fyrir í upprunalegri starfslýsingu. Þar má nefna vinnu við styrkjadagatal fyrir Austurbrú, vinnu við sóknaráætlunarverkefnið „Efling námstækifæra í skapandi greinum“ og fleira.

Vinna er hafin við það að styrkja grunnhugmyndafræði- og starfsemi Miðstöðvarinnar og efla hana með áherslu á rannsókn- og fræðahlutverk hennar.

Erlent samstarf

Eins og verið hefur síðustu ár, er öflugt erlent samstarf á menningarsviðinu. Þar fer mest fyrir samstarfinu við Vesterålen í Norður-Noregi og Donegal á Norðvestur-Írlandi. Síðastliðin átta ár hefur menningarsamstarfið við Vesterålen fengið styrki úr norsk-íslenskum sjóði, Þjóðhátíðargjöf Norðmanna, 90.000 - 100.000 NOK á ári. Hér á eftir eru talin helstu atriði varðandi erlent samstarf árið 2013.

Ferð til Donegal í júní

Menningarfulltrúarnir, Signý Ormarsdóttir og Erik Bugge frá Vesterålen, fóru til Donegal til að fylgjast með opunarsýningu á listahátíð sumarsins, „Awakening The Horsemen“. Þar tóku þátt austfirski listamaðurinn Erla Dóra Vogler óperusöngkona og hinn norsk Asle Lauvland Pettersen fjöllistamaður. Þessi þátttaka listamanna leiddi strax til annars verkefnis á árinu í Englandi en þeim var boðið af Jersey Arts Trust að taka þátt í listaverkefni í Jersey. Auk þess var tilgangur ferðarinnar að ræða frekara samstarf og hitta yfirmenn menningarmála í Donegal. Fram kom mikill áhugi hjá þessum samstarfsaðilum fyrir því að halda samstarfinu áfram og ganga frá því formlega til þriggja ára. Ákveðið var að ganga frá slíkum samningi í upphafi árs 2014. Þá kom einnig fram að mikill áhugi væri á því að sækja um í menningarverkefni til Evrópusambandsins og vildi Donegal leiða slíkt verkefni. Samstarfið á milli þessara samstarfssvæða er gjarnan nefnt „EDGES: Thre Sides of the Same Sea“.

„Mit hjer er hvor mit hjerte er“

Þessi rannsókn var samstarfsverkefni Austurbrúar, Menningarsviðs Vesterålen í Noregi og CRT á Borgmundarhólmi sem jafnframt stýrði því. Megintilgangur verkefnisins var að kynna sér verkefnið „Tilbageströmerne“ sem hefur verið í gangi í Vesterålen nokkuð lengi og byggir á því að fá ungt listafólk til þess að koma heim og vinna að listverkefnum á sínu heimasvæði. Hlutverk Austurbrúar sem þátttakanda var að miðla því hvernig unnið hefur verið að því á Austurlandi að hvetja unga listamenn frá svæðinu til að koma og vinna að sínum verkefnum hér eystra, meðal annars í gegnum fjárveitingar til menningarverkefna. Verkefnið hófst með vinnuferð til Noregs í maí og hélt áfram síðastliðið sumar og haust með vinnustofu á Borgundarhólmi. Rannsóknarskýrslan kom svo út í nóvember og hana er hægt að lesa á heimasíðu Austurbrúar, menningarrad.is.

Sagnahátíðin Ramelton

Berglind Agnarsdóttir sagnaþulur tók þátt í sagnahátíð í Ramelton í Donegal á Írlandi með þátttöku sagnafólks frá Írlandi, Vesterålen í Noregi og Austurlandi á Íslandi. Að þessu sinni voru verkefni sagnafólksins með afar fjölbreyttum hætti. Endurvakinn var gamall írskur siður að ganga hús úr húsi og segja heimilisfólki og gestum þeirra sögur. Nú þegar er hafin hugmyndavinna að áframhaldandi samstarfi þar sem kvíarnir verða jafnvel færðar út.

Listamannadvöl í Vesterålen

Síðustu ár hefur listamanni frá Austurlandi verið boðið til dvalar í Vesterålen og að þessu sinni voru það Karna Sigurðardóttir og Viktor Sebastian sem dvöldu í Andenes í Vesterålen. Í kjölfar dvalarinnar hafa þau unnið kvikmynd um Andernes.

Rytmeför

Fyrir tilstuðlan menningarfulltrúanna á Austurlandi og í Vesterålen, hefur orðið til menningarsamstarf milli fiskimjölsfyrirtækjanna Eskju á Eskfirði og Biomar í Vesterålen. Verkefnið heitir „Rytmeför“ og er tónlistarverkefni þar sem tónlistarmenn frá báðum löndum æfa og spila saman. Áherslan er á ungt tónlistarfólk. Nokkrir tónleikar eru haldnir í hvoru landi fyrir sig árlega auk þess sem haldnir eru tónleikar í verksmiðjunum sjálfum. Mikil ánægja er með samstarfið og hefur verið ákveðið að halda því áfram.

Norðmenn á Austurlandi

- Ove Orvik, kennari og rithöfundur kom til að rannsaka tengsl íslensku og norsku í mállyskum landssvæðanna og dvaldi um tíma á Austurlandi. Áætlað er að gefa út rit sem Ove kallar „Norsk møder islensk“.
- Ingunn Moen Reinsnes og Mika Gaunitz Renard dvöldu í Jensenshúsi á Eskfirði.
- Marianne Hansen, Astrid Berthinussen og Ingrid Lekman komu og kynntu sér starfsemi Austurbrúar og Austurlands í menningu, ferðaþjónustu og handverki í tengslum við norska verkefnið „Reis & Ryk Kultur“.

Samstarf safna

Unnið var að því að mynda sjálfstæð tengsl milli safna sem starfa undir hatti Museum Nord í Norður-Noregi og safna á Austur- og Norðurlandi. Af því tilefni kom forstöðumaður Museum Nord, Geir Are til Austurlands í apríl og kynnti sér safnastarfsemi á Austur- og Norðurlandi. Auk þess var haldinn fundur í Fjarðabyggð þar sem starfsemi Museum Nord var kynnt en það er samstarf safna í Lofoten, Ofoten og Vesterålen. Haustið 2014 er fyrirhugað að hópur safnafólks frá Austurlandi og Eyþingi fari til Vesterålen og taki þátt í ráðstefnu um safnamál og sameiginlegan menningararf.

Innlent samstarf

Innlent samstarf af ýmsum toga er að vanda hjá menningarsviðinu. Haldinn var fundur í samstarfi við Safnaráð 11. nóvember. Á fundinn mættu Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs og Haraldur Þór Egilsson, formaður stýrihóps um stefnumótun Safnaráðs. Tilgangur fundarins var að kynna nýtt lagaumhverfi og hlutverk safna auk þess að taka þátt í stefnumótun Safnaráðs.

Skúli Björn Gunnarsson hélt erindi í forföllum menningarfulltrúa Austurbrúar á ráðstefnunni „Menningarlandið“ sem haldin var í apríl á Kirkjubæjarklaustri. Megináhersla þar var á menningarsamninga og framtíð þeirra.

Málþing var um listamannaíbúðir, mikilvægi þeirra, mismunandi fyrirkomulag og framtíðaráform á Austurlandi.

Samstarf menningarfulltrúa landshluta er reglulegt. Auk mánaðarlegra símafunda, hittast menningarfulltrúar tvisvar á ári. Annar fundurinn var á Siglufirði síðastliðið vor og hinn var með formönnum menningarráða og menningarfulltrúum en auk þess kom mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir ásamt starfsfólki, inn á fundinn sem haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu.

Úthlutun verkefnastyrkja

Úthlutun verkefnastyrkja fyrir árið 2013 fór fram á Djúpavogi 8. mars að viðstöddum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, Guðna Tómassyni, aðstoðarmanni mennta- og menningarmálaráðherra, sveitarstjórnarmönnum, styrkþegum og fleiri gestum. Úthlutað var 28,9 milljónum króna til 75 verkefna. 111 umsóknir bárust til verkefnastyrkja og sótt var um 74 milljónir króna. Heildarkostnaður við verkefnin var áætlaður 286 milljónir króna.

Menningarráðið leggur sérstakar áherslur í úthlutunarreglur á hverju ári. Áherslur fyrir árið 2013 voru að verkefni efldu samstarf og samvinnu milli byggðarlaga og listgreina. Auk þess sem þau áttu að stuðla að atvinnustarfsemi í listum og tengja saman listnema, leikmenn og reyndari listamenn í viðburðum og verkefnum.

Á hverju ári koma fram ný metnaðarfull verkefni í mismunandi listgreinum. Á þessu ári voru áberandi nýjungar í leiklist, dansi, hönnun og kvikmyndun. Þá er greinileg nýsköpun á sviði tónlistar. Þar eru meðal annars ungir tónlistamenn að semja tónverk og flytja á nýstárlegan hátt.

Áhyggjuefni er hversu mörg verkefni ná ekki að fjármagna sig að öðru leyti en hjá menningarráðinu. Úthlutunarreglur menningarráðs kveða á um að einungis er veitt fjármagn til helmings kostnaðar við verkefni. Á þessu ári og því síðasta hefur orðið mikil breyting á því hvernig gengið hefur að fjármagna verkefnin á móti veitingu menningarráðs. Því eru styrkirnir ekki nýttir og ekkert verður af verkefnunum. Þetta á sérstaklega við í nýsköpun á sviði lista hjá yngri listamönnum og er þessi þróun áhyggjuefni.

Úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja

Tilgangur stofn- og rekstrarstyrkja til starfsemi á sviði lista, safna og menningararfs er að efla slíka starfsemi. Menningarráð Austurlands úthlutaði stofn- og rekstrarstyrkjum til menningarstarfsemi í fjórðungnum í annað sinn árið 2013. Viðbótarsamningur við menningarsamning var gerður 2012 eftir að ríkið ákvað að beina þangað fjármagni sem fjárlaganefnd Alþingis hafði veitt áður í sama tilgangi. Úthlutað var til fjórtán verkefna að þessu sinni, frá 400 þúsundum til 2 milljónum króna.

Menningarmiðstöðvar á Austurlandi sem hluti af menningarsamningi

Á Austurlandi starfa þrjár skilgreindar menningarmiðstöðvar; Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, Tónlistarmiðstöð Austurlands sem áður hét Kirkju- og menningarmiðstöðin og Menningarmiðstöð Fljótshálsá sem er sviðslistamiðstöð. Þessar miðstöðvar gegna veigamiklu hlutverki í menningarlífi í fjórðungnum. Rekstur þeirra er hluti af menningarsamningi milli ríkis og sveitarfélaga en það fjármagn



sem hingað til hefur komið til miðstöðvanna er að þeirra mati ekki nægilegt til þess að halda úti þeirri starfsemi sem gert er ráð fyrir í samningi milli menningarráðs, viðkomandi sveitarfélags og miðstöðvanna. Hver menningarmiðstöð fær 8 milljónir króna á ári samanlagt frá ríki og sveitarfélögum sem, þrátt fyrir ágætan árangur miðstöðvanna við að afla viðbótafjármagns, dugir ekki til. Bráðnauðsynlegt er að tryggja fjármagn til að standa straum af a.m.k. einu ársverki hjá hverri miðstöð svo þær geti sinnt hlutverki sínu.

Menningarmiðstöð Fljótshéraðs

Árið 2013 var viðburðarríkt hjá Menningarmiðstöð Fljótshéraðs en þar stóðu nokkrir viðburðir upp úr:

- Móttaka „Foreign mountain“ sem er hluti af alþjóðlega danverkefninu „Wilderness“ en hópurinn starfaði í MMF í marsmánuði.
- Í apríl tók Þjóðleikur við sem heppnaðist einstaklega vel þetta árið. Tilhlökkun er að halda áfram samstarfi við Þjóðleik árið 2014 en undirbúningur er í fullum gangi.
- Síðast en ekki síst má nefna grasrótarsýninguna „Næturlíf“ þar sem ungt listafólk með tengingu við Fljótshérað og Sláturhúsið tók yfir Frystiklefan og setti upp sýningu sem dansaði á mörkum tónlistar, sviðslistar, fjölleikahúss og hönnunar.

Annars voru um 35 viðburðir 2013 í tengslum við MMF og Sláturhúsið.

Skaftfell, miðstöð myndlistar

Megináherslur árið 2013 í Skaftelli voru að skerpa á hlutverki miðstöðvarinnar sem sýningarvettvangi og hlúa að fræðslu- og gestavinnustofustarfsemi þannig að deildir styðji hver við aðra. Unnin var starfsstefna fyrir árin 2014-2016 sem samþykkt var af stjórn.

Í sýningarsalnum var fjórum ólíkum verkefnum miðlað, allt frá tilraunakenndri myndlist yfir í hefðbundnari nálgun með innlendum og erlendum listamönnum. Veigamesta sýningin var 15 ára afmælis-sýning miðstöðvarinnar, „Hnallþóra í sólinni - valin prentverk eftir Dieter Roth“ sem opnaði í september. Meðfram henni var boðið upp á ítarlegt fræðsluverkefni um mynd- og tungumál listamannsins sem alls 250 nemendur frá 11 grunnskólum tóku þátt í.

Í gestavinnustofum Skaftells dvöldu 26 alþjóðlegir listamenn, þar af fimm með vinnustofustyrk frá Norrænu menningargáttinni. Lögð var áhersla á að auka vægi gestalistamanna innan miðstöðvarinnar og yfir árið tóku þeir virkan þátt í starfsemi með listamannspjalli, opnum vinnustofum, fræðslu og sýningarhaldi. Yfir 25 opinberir viðburðir voru í tengslum við verkefni og vinnu þeirra. Það stærsta var unnið með danska listahópnum „A Kassen“ en hópurinn sýndi afrakstur af tveggja mánaða rannsóknarvinnu og listrænni sköpun í aðalsýningarsalnum yfir sumartímann. Útkoman var krefjandi sýning þar sem gestir þurftu að skoða íslenska bananaræktun og álframleiðslu í nýju samhengi.

Einn af hápunktum ársins var í mars þegar Skaftelli var veitt Eyrarrósir fyrir framúrskarandi menningarstarf á landsbyggðinni.

Kirkju- og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar

Kirkju- og menningarmiðstöðin hélt sínu striki árið 2013 með viðburðum sem húsið seiddi til sín og aðra sem miðstöðin var beinn og óbeinn aðili að.

Fyrir utan ráðstefnur og fundi, stóð miðstöðin fyrir 19 viðburðum á borð við Litlu fluguna, lög Sigfúsar Halldórssonar þar sem fram komu m.a. Egill Ólafsson söngvari og Björn Thoroddsen gítarleikari ásamt heimatónlistarmönnum, gospel-námskeið með góðri þátttöku ungs fólks og tvenna gospeltónleika bæði á Eskifirði og Egilsstöðum.

Hápunkturinn var eflaust tónleikar Kórs Fjarðabyggðar með lögum eftir Gunnar Þórðarson, í samstarfi við Daníel Þorsteinsson, Gunnar Þórðarson og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Glæsilegir tónleikar voru haldnir bæði í Hofi á Akureyri og Tónlistarmiðstöð Austurlands í nóvember sl.

Þá studdi menningarmiðstöðin m.a. „Jólafrið“ Daníels Arasonar í desember, þar sem einnig komu fram Hildur Þórðardóttir, lúðrasveit og aðrir hljómlistarmenn, og hljómsveitarnámskeið sem endaði með tónleikum í febrúar 2014 með Guðrúnu Jóhönnu Jónsdóttur.

Á árinu tók miðstöðin í notkun veglegt hljóðkerfi sem styrkt var af Menningarráði.

Þorlákur Ægir Ágústsson lét af störfum 1. júní á árinu 2013 og hefur Davíð Baldursson sinnt hans starfi síðan. Miðstöðvarnar þrjár skila ársskýrslum og ársuppgjöri til Menningarráðs Austurlands árlega sem fylgir skýrslu til ráðuneyta.

Sóknarfæri

Til eflingar menningar á Austurlandi og menningarsviðs Austurbrúar eru nokkur atriði mikilvæg. Efla þarf menningarmiðstöðvarnar þrjár sem eru grunnstoðir ákveðinna listgreina. Með eflingu þeirra á landshlutinn möguleika á því að vera þátttakandi í stærri verkefnum og leiða nýsköpun og listverkefni inn á Austurland. Það voru mikil vonbrigði þegar stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi sló út af borðinu sóknaráætlunarverkefni sem sérstaklega var til þess fallið að efla menningarmiðstöðvarnar. Grunnur þess að miðstöðvarnar verði öflugar er að þær móti sér skýra sýn og stefnu.

Þá er mikilvægt að efla samstarf á milli menningar og ferðaþjónustu en mjög stór hluti þeirra sem heim-sækja Austurland kemur til að taka þátt í öflugum listahátíðum og njóta smærri listviðburða um allan landshlutann. Oft er lögð meiri áhersla á þjónustu og náttúruna í kynningarefni ferðaþjónustunnar en menningin með sitt mikla aðdráttarafli verður útundan.

Að síðustu er mikilvægt að efla grunnrannsóknir á sviði menningar og lista þannig að hægt sé að sýna með raunhæfari hætti hversu mikilvægur þáttur menningin er í styrkingu samfélaga. Þetta verður einnig gert með eflingu skapandi greina og um leið má efla Austurbrú og vinnu þvert á svið.



Nýsköpunar- og þróunarsvið

Nýsköpunar- og þróunarsvið

Nýsköpunar- og þróunarsvið Austurbrúar veitir þverfaglega ráðgjöf til frumkvöðla og starfandi fyrirtækja um vöxt og þróun fjölbreytts atvinnulífs á Austurlandi. Starfsmenn Austurbrúar á starfsstöðvum víðsvegar um Austurland taka á móti erindum og koma á sambandi við ráðgjafa með sérþekkingu á málefnum.

Dæmi um þjónustu sem hægt er að nýta sér hjá Austurbrú:

- Mótun verkefna
- Tengslanet
- Stofnun fyrirtækja
- Aðstoð við viðskipta-, fjárhags- og rekstraráætlanir
- Greiningarvinna
- Stefnumótun
- Styrkumsóknir
- Samningagerð
- Vinnustofur og ráðstefnur
- Fræðslunámskeið til eflingar atvinnulífi
- Markaðsráðgjöf

Fjölbreytt verkefni voru unnin á árinu 2013 sem sum hver halda áfram á árinu 2014. Unnið hefur verið í stefnumótun fyrir bæði stök svið og Austurbrú í heild sinni og er þeirri vinnu senn að ljúka. Eftir mitt ár 2013 tók Austurbrú að sér framkvæmd sóknaráætlunarverkefna landshluta fyrir Austurland sem flæða að nokkru leyti yfir á árið 2014. Sóknaráætlunarverkefni dreifðust á milli fagsviða Austurbrúar. Þau verkefni sem nýsköpunar- og þróunarsvið höfðu mesta aðkomu að voru atvinnumálaráðstefnan „Auðlindin Austurland“ sem fram fór á Hallormsstað 4. – 7. nóvember, kynning á almenningssamgöngum SvAust, efling skapandi greina og að hluta til yfirumsjón með verkefninu um eflingu Egilsstaðflugvallar. Það eru spennandi tímar framundan á Austurlandi og var afar ánægjulegt að sjá þann fjölda sem sótti atvinnumálaráðstefnuna. Þar komu skýrt fram þau miklu tækifæri sem landshlutinn hefur að vinna að til framtíðar. Á árinu 2014 verður kastljósinn beint að fleiri smærri verkefnum og eftirfylgni við þau verkefni sem verið hafa í vinnslu.

Verkefni unnin á sviðinu 2013

Almenningssamgöngur á Austurlandi – Landshlutaverkefni SSA - SvAust

Samningur er á milli Vegagerðar ríkisins og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi varðandi útfærslu og utanumhald almenningssamgangna á svæðinu. Austurbrú er framkvæmdaáðili verkefnisins en það snertir öll sveitarfélög á Austurlandi með einum eða öðrum hætti. Því er mikilvægt að tryggja almenna þátttöku þeirra. Markmið verkefnisins er að samþætta allan akstur á Austurlandi, koma upp skilvirku upplýsingakerfi og kynningarefni og þróun nýrra leiða.

SSA hefur gert samning við þrjú sveitarfélög á Austurlandi um að vera milligönguaðili við akstursaðila á svæðinu um þann akstur sem áður byggðist á sérleyfissamningum milli Vegagerðar ríkisins og viðkomandi akstursaðila. Samningar eru byggðir á grunni eldri sérleyfissamninga en við kerfið bætist annar akstur innan sveitarfélaga sem og starfsmannaakstur Alcoa Fjarðaáls eftir nánara samkomulagi þar um. Þau sveitarfélög sem hafa milligöngu um samninga við akstursaðila eru Seyðisfjörður, Djúpi-vogur og Fjarðabyggð. SSA mun gera sambærilegan samning beint við akstursaðila á Borgarfjörð.

Austurbrú hafði milligöngu um styrk sem Fjarðabyggð fékk frá Alcoa Global. Styrkurinn hefur verið nýttur til áframhaldandi þróunar á verkefninu á Austurlandi, m.a með því að nota upplýsingatækni frá Curron með rafrænu miðakerfi/kortum, að hluta til í markaðssetningu á heildarkerfinu, uppsetningu á tímatöflum og samræmdri gjaldskrá fyrir samgöngukerfið. Snemma á árinu 2013 var haldin samkeppni um nafn og merki þar sem leitast var við að hafa samræmt útlit á miðum og upplýsingum. Alma Jóhanna Árnadóttir var hlutskörpust en hún lagði til nafnið SvAust (stytting á Strætisvagnar Austurlands) og merki í nokkrum útfærslum sem notað er á allt markaðs- og kynningarefni.

Eitt af sóknaráætlunarverkefnum landshlutans bar heitið „Kynning á almenningssamgöngum“ og tengist þessu verkefni en hluti af því fjármagni var nýtt til eflingar á upplýsinga- og markaðstengdu efni fyrir almenningssamgöngukerfið SvAust.

MAKE by Þorpið – Skapandi greinar á Austurlandi

Þorpið var tilraunaverkefni sem sett var af stað stuttu eftir hrun af Þekkingarneti Austurlands, Þróunarfélagi Austurlands og Menningarráði Austurlands. Verkefnastjóri Þorpsins var ráðinn til Austurbrúar í lok árs 2012 og er verkefnið nú vistað innan nýsköpunar- og þróunarsviðs Austurbrúar. Vinnuheiti verkefnisins fékk alþjóðlegri brag í lok árs 2012 og kallast „Make by Þorpið“ sem er regnhlíf og samstarfsvettvangur fyrir hugmyndafræði atvinnugreina í þróun, innleiðingu hönnunarhugsunar og eflingu innviða skapandi greina á Austurlandi.

Markmið verkefnisins er að vinna að atvinnuuppbyggingu á sviði hönnunar og handverks. Sú hugmyndafræði sem orðið hefur til með Þorpinu hefur vakið athygli víða og hafa orðið til tengsl og samstarf sem mikilvægt er að halda áfram. Austurbrú er leiðandi afl í þróunarvinnunni í nánú samstarfi við fólk og fyrirtæki á Austurlandi og mun þróa sína þjónustu og ráðgjöf á sviði skapandi greina í nánú samtali við hönnuði, listhandverksmenn, listamenn og fyrirtæki á svæðinu.

Eitt af sóknaráætlunarverkefnum ársins 2013 bar heitið „Efling skapandi greina“ og fór hluti fjármagns í verkefnastjórn verkefnastjóra skapandi greina hjá Austurbrú, eflingu vöruþróunarverkstæða með hliðsjón af þróun þjónustu og samræmingu á þjónustumódeli. Skilgreind vöruþróunarverkstæði á Austurlandi eru sem stendur þrjú; upphaflega vöruþróunarverkstæði Þorpsmiðjunnar á Egilsstöðum sem sérhæfir sig í áframvinnslu tréafurða, Ullarvinnsla frá Láru á Seyðisfirði og Sköpunarmiðstöðin IN HERE á Stöðvarfirði sem sérhæfir sig í hönnun og nýtingu á endurvinnanlegum afurðum auk þess sem sett var upp leikfangaverksmiðja á árinu 2013 sem styrkir stoðir verkstæðisins svo um munar. Stefnumótun skapandi greina byrjaði á árinu auk greiningarvinnu á hráefnismálum í héraði, sbr ull, hreindýr, tré og ál sem best hefur í hráefnaflóru Austurlands.

Vaxtarsamningur Austurlands

Þann 10. febrúar 2010 var skrifað undir nýjan vaxtarsamning fyrir Austurland og gildi sá samningur út árið 2013. 215 milljóna króna árlegu framlagi til vaxtarsamninga atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og atvinnuþróunarfélaga árin 2010 til 2013 var skipt niður á átta samningssvæði út frá fólksfjölda, þéttleika byggðar, atvinnuleysi, íbúáþróun og hagvexti á hverju svæði. Á árinu 2013 komu 20 milljónir króna til ráðstöfunar á Austurlandi. Sú breyting var á nýjum samningi að ekki var sérstakur framkvæmdastjóri fyrir samninginn, heldur sér Austurbrú um verkefnisstjórn og er verkefnastjóri samningsins á nýsköpunar- og þróunarsviði.

Stjórn Vaxtarsamnings Austurlands fundaði fjórum sinnum á árinu 2013 og úthlutaði þrisvar sinnum

til verkefna. Stjórn vaxtarsamningsins skipa þau Jóna Árný Þórðardóttir formaður, Berglind Hallgrímsdóttir, Páll Baldursson, Steinunn Ásmundsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson.

Fyrsta úthlutun var 4. mars, umsóknir voru 24 um styrk að upphæð 58.900.000 kr. Úthlutað var til 7 verkefna fyrir samtals 13.500.000 kr.

Önnur úthlutun var 15. maí, umsóknir voru 20 um styrk að upphæð 51.271.143 kr. Úthlutað var til 7 verkefna fyrir samtals 7.400.000 kr.

Þriðja og síðasta úthlutun ársins, sem jafnframt var síðasta úthlutun samningstímans, var 18. nóvember 2013. Umsóknir voru 16 um styrk að upphæð 38.430.000 kr. Úthlutað var til 11 verkefna samtals 15.450.000 kr. Alls voru umsóknir ársins 2013 60 talsins fyrir samtals 148.601.143 kr. Samtals var 36.350.000 kr. úthlutað á árinu til 25 verkefna.

Efling Egilsstaðaflugvallar – Sóknaráætlunarverkefni

Á árinu 2013 var ráðinn verkefnastjóri til að stýra einu af sóknaráætlunarverkefnum landshlutans sem felst í eflingu á alþjóðlegu flugi um Egilsstaðaflugvöll. Verkefnið er að hluta til vistað á nýsköpunar- og þróunarsviði Austurbrúar og að hluta til á markaðssviði. Sjá nánari umfjöllum undir markaðssviði.

Auðlindin Austurland – Atvinnuráðstefna 4. – 7. nóvember - Sóknaráætlunarverkefni

Eitt af sóknaráætlunarverkefnum landshlutans var að standa fyrir öflugri atvinnuráðstefnu þar sem markmiðið var að sýna fram á þann fjölda fjölbreyttra tækifæra sem landshlutinn hefur upp á að bjóða og fá heildstæða sýn og greiningu á möguleikum Austurlands til frekari atvinnuuppbyggingar á öllum sviðum.

Þetta var gert með því að bjóða upp á fjölda fyrirlestra og fræðierinda auk þess sem ólíkar vinnustofur voru í boði í upphafi og lok vikunnar. Meðal vinnustofa sem boðið var upp á voru:

- Hugverkavernd sem aðilar frá Faktor stóðu fyrir
- „Frá hugmynd að veruleika“, leitt af hönnuðinum Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttur
- Styrkjaflóran sem var vinnustofa með Rannís og Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Markaðsbomban sem haldin var á Seyðisfirði með Þórunni K. Jónsdóttur.

Á milli þess sem fólki gafst kostur á að sækja vinnustofur var hin eiginlega ráðstefna dagana 5. og 6. nóvember á Hallormsstað. Þátttakendur í ráðstefnunni voru um 70 talsins. Við gerð dagskrár var markmiðið að blanda saman ólíkum hópum fólks þar sem atvinnusvið og tækifæri Austurlands eru fjölbreytt og ólík. Það má því segja að boðið hafi verið upp á hlaðborð tækifæra og fólki gefinn kostur á að velja úr það sem helst vakti athygli þeirra. Iðnaðarráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, setti ráðstefnuna en meðal erinda voru „Samgöngur á Austurlandi“, „Tækifæri í samvinnu“, fyrirlestraröð undir heitinu „Áfangastaðurinn Austurland“, fyrirlestraröðin „Auðlindin Austurland“, „Stóriðja á Austurlandi“, „Svarta gullið“, „Norðurslóðir“ með þátttöku forsætisráðherra og „Þekkingarsköpun“. Fyrirlesarar og stjórnendur vinnustofu voru með ólíkan bakgrunn og þekkingu en alls voru þetta um 34 einstaklingar.

Ráðstefnan var skipulögð af Austurbrú en um skráningu og utanumhald sá Austurför/Travel East. Í samhengi við ráðstefnuna var opnun sýningarinnar „Að heiman og heim“ sem er árleg samsýning á lokaverkefnum listaháskólanema sem eiga rætur að rekja til Austurlands. Samhliða þeirri sýningu var kynning á fjórum sprotaverkefnum sem unnin voru í samstarfi hönnuða og fyrirtækja á Austurlandi og tengjast Make by Þorpið. Allar frekari upplýsingar og aðgengi að myndum og fyrirlestrum má finna á heimasíðu Austurbrúar undir flípanum „Auðlindin Austurland“.

Atvinnuþróunarsjóður Austurlands

Utanumhald með sjóðnum hefur verið á vegum starfsmanna Þróunarfélags Austurlands og samkvæmt skipuriti Austurbrúar fellur verkefnið því undir nýsköpunar- og þróunarsvið Austurbrúar.

Kynningarblað um Austurland/samstarf með markaðssviði

Almenn kynning á Austurlandi fyrir fjárfesta, íbúa og fyrirtækja. Um er að ræða almennt markaðsefni fyrir fjárfesta og fyrirtæki sem vilja hefja rekstur á Austurlandi og/eða fyrir einstaklinga sem sjá tækifæri í fjórðungnum. Blaðið nýtist bæði sem markaðsefni fyrir íbúa á svæðinu og eins fyrir þá sem vilja kynna sér svæðið betur hvort sem er til búsetu, ferðalaga eða fjárfestinga. Hluti af fjármagni í þetta verkefni kemur frá fyrirtækum á Austurlandi og hluti úr sóknaráætlun fyrir Austurland. Fulltrúar á nýsköpunar- og þróunarsviði auk markaðssviðs fóru í heimsókn til allra sveitarfélaga á Austurlandi auk þess að heim-sækja fjölda fyrirtækja sem tilbúin voru að fjárfesta í blaðinu. Stefnt er að því að blaðið komi út á haustmánuðum 2014.





Áframvinnsla á áli – Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Austurbrú

Samkvæmt samningi Austurbrúar og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis er unnið að verkefnum sem tengjast aukinni verðmætasköpun úr hráefninu áli. Á árinu 2013 var sviðið hluta úr ári undirmannað og því hefur hluti þeirrar vinnu sem áætlað var að klára á árinu verið fluttur yfir á árið 2014. Ýmsar fýsileikakannanir voru þó gerðar á árinu og komið á samstarfi við Listaháskóla Íslands og Alcoa Fjarðaál auk iðnfyrirtækja á svæðinu. Hugmyndir um rannsóknarsetur, áframvinnslumiðstöð og frekari greiningarvinnu voru unnar ásamt því að kortleggja hráefnið sem til staðar er á Austurlandi.

Áframvinnsla á fisk – Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Austurbrú

Samkvæmt samningi Austurbrúar og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis er unnið að verkefnum sem tengjast aukinni verðmætasköpun úr sjávertengdum afurðum. Á árinu 2013 var sviðið hluta úr ári undirmannað og því hefur hluti þeirrar vinnu sem áætlað var að klára á árinu verið fluttur yfir á árið 2014. Unnið var að hugmyndum varðandi uppsjávarsmiðju á Eskifirði í samstarfi við Matís, Síldarvinnsluna og Eskju, en enn sem komið er, er fjármögnun verkefnisins óljós. Unnið var með Fljótsdalshéraði að fiskeldi á Héraði, það verkefni er ennþá í gangi sem og samstarf við Listaháskólann, þ.e. vöruþróun sjávarafurða í samvinnu við vöruþróunardeild skólans. Þá hefur verið unnin ítarleg greining á hráefni tengt sjávarafurðum og til stendur að fá lokaársnema við auðlindadeild Háskólans á Akureyri til þess að vinna að frekari greiningum sumarið 2014.

Brothættar byggðir – Byggðastofnun og Austurbrú

Austurbrú er aðili að verkefni Breiðdalsvíkur sem fellur undir verkefnaröð Byggðastofnunar undir yfirskriftinni „Brothættar byggðir“. Austurbrú kom að verkefnavinnu, undirbúningi og umsjón með ýmsum hætti auk þess að fylgja eftir verkefnum sem komu upp á hugmyndadæpingi íbúa Breiðdalsvíkur.

Ýmis verkefni

Hér verða talin ýmis verkefni sem starfsmenn nýsköpunar- og þróunarviðs vinna að.

Nýir þjónustusamningar

Áhersla var lögð á fjölgun þjónustusamninga sem gengið hefur vel. Þjónusta tengd viðskiptaáætlunum og aðstoð við styrkumsóknir er það sem helst er leitað eftir auk þess sem áhersla á markaðssetningu, vöruþróunarverkefni og nýsköpun innan starfandi fyrirtækja hefur aukist.

Heimsóknir í sveitarfélög og fyrirtæki

Öll sveitarfélög á Austurlandi voru heimsótt á árinu þar sem þjónusta sviðsins var m.a. kynnt ásamt kynningu á atvinnuáráðstefnunni sem fram fór í nóvember. Fjöldmörg fyrirtæki voru heimsótt á árinu hvort heldur er að frumkvæði þeirra sjálfra eða sviðsins.

Móttaka frumkvöðla

Almenn móttaka og ráðgjöf til starfandi fyrirtækja og þeirra sem hafa hug á því að koma af stað rekstri. Verkefnastjóri metur möguleika viðskiptahugmynda sé hún komin á það stig, aðstoðar við uppbyggingu áætlunar, finnur samstarfsaðila, fjárfesta o.s.frv.



Starfsemi Sambands
sveitarfélaga á Austurlandi

Starfsemi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Á 47. aðalfundi SSA sem haldinn var í Fjarðabyggð dagana 13 og 14. september 2013 voru eftirtaldir kosnir í stjórn SSA starfsárið 2013 -2014: Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gauti Jóhannesson, Jón Björn Hákonarson, Unnur Björgvinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir. Til vara: Eydís Ásbjörnsdóttir, Jón Þórðarson, Vilhjálmur Jónsson, Andrés Skúlason, Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Páll Baldursson og Bárður Jónasson.

Á fyrsta fundi stjórnar var Valdimar O. Hermannsson kjörinn formaður, fyrsti varaformaður Arnbjörg Sveinsdóttir og annar varaformaður Gauti Jóhannesson. Þau eiga samhlíða sæti í framkvæmdaráði stjórnar SSA.

Tvær nefndir starfa á vegum SSA milli aðalfunda. Átta manna nefnd um samgöngumál þar sem fulltrúar koma frá öllum sveitarfélögum á Austurlandi og samstarfsnefnd sem í sitja átta fulltrúar frá sveitarfélögunum. Finna má upplýsingar um fulltrúa í nefndunum ásamt samþykktum fyrir nefndirnar inn á heimasíðu Austurbrúar.

Eins og komið hefur fram var aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð. Fundurinn var með breyttu sniði en á aðalfundi árið áður var samþykkt að gera skoðanakönnun meðal sveitarstjórnarmanna á Austurlandi um form aðalfundar. Eins og á fyrri fundum var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta landshlutann í heild. Þá var samþykkt að fara í vinnu við endurskoðun á samþykktum SSA. Sú vinna stendur yfir og stefnir starfshópur, sem tilnefndur var til að koma með tillögur að breyttum samþykktum, á að skila niðurstöðum í júní, sem síðan verða teknar fyrir á aðalfundinum í september.

Helstu verkefni

Skipulag og rekstur Almenningsgangna á Austurlandi heyrir undir starfssvið SSA. Starfsmaður Austurbrúar hefur séð um skipulag og útfærslu á verkefnum. Góðar almenningsgangur eru þáttur í eflingu byggðar, þar sem fólk getur ferðast milli staða/landshluta með heildstæðu, skipulögðu kerfi.

Á aðalfundi samtakanna í september sl. voru samþykktar nýjar samþykktir fyrir Atvinnuþróunarsjóð Austurlands. Með samþykktunum er Austurbrú falið að varðveita sjóðinn og halda utan um starfsemi hans. Samkvæmt 4. gr. sjóðsins kys aðalfundur SSA sjóðsstjórn. Til þess að brúa ákveðið bil fram að næsta aðalfundi SSA, hefur stjórn samtakana tilnefnt fulltrúa í stjórn.

Skipting fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna sem koma inn í landshlutana er eitt af þeim verkefnum sem koma inn á borð stjórnar SSA. Hún hefur lagt ríka áherslu á þann þátt að við skiptingu fjármagns, s.s. til menningarsamninga og sóknaráætlunar, sé tekið tillit til mismunandi aðstæðna landshlutanna m.a. hvað fjarlægð og þéttleika byggðar varðar. Á vegum stjórnvalda er unnið að stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014-2017 og samgöngu- og fjarskiptaáætlun fyrir árin 2015-2026. Landshlutasamtök sveitarfélaga koma að þessari vinnu með mismunandi hætti.

Fundargerðir stjórnar, ályktanir og erindi aðalfundar, samþykktir fyrir nefndir má finna inn á heimasíðu Austurbrúar undir flípanum SSA.



